

---

# FORNLEIFASKRÁNING: STRANDAVEGUR UM VEIÐILEYSUHÁLS, KRÁKÁ - KJÓSARÁ

---



RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR (RITSTJÓRI)

HÖFUNDAR EFNIS: BIRNA LÁRUSDÓTTIR, GUÐRÚN ALDA GÍSLADÓTTIR, GYLFI HELGASON,  
RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR, SIGRÚN DRÍFA ÞORFINNSDÓTTIR

---

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS  
REYKJAVÍK 2020  
FS810-2002I



*Forsíðumyndin er af stekk ST-005:053 í landi Kjósar, horft er til austurs. Myndina tók  
Ragnheiður Gló Gylfadóttir.*

©Fornleifastofnun Íslands ses

2020

Bárugötu 3

101 Reykjavík

Sími: 551 1033

Netfang: [fsi@fornleif.is](mailto:fsi@fornleif.is)

Heimasíða: [www.fornleif.is](http://www.fornleif.is)

## Samantekt

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður fornleifaskráningar vegna tilfærslu Strandavegar (643) um Veiðileysuháls milli Krákár og Kjósarár. Skráningin var unnin fyrir Vegagerðina. Skráðar voru minjar á jörðunum Veiðileysu, Kambi og Kjós sem tilheyra Árneshreppi. Veglínan sem tekin var út er tæplega 12 km löng. Tekið var út 150 m breitt belti beggja vegna við miðja veglínu eða samtals 300 m breitt áhrifasvæði.

Vettvangsvinna fór fram sumarið 2020. Alls voru 72 minjæiningar skráðar á 67 minjastöðum. Flestar minjar voru innan heimatúnsins í Kjós eða í næsta nágrenni þess en veglínan liggur yfir það. Fjölbreytilegar minjar voru skráðar innan áhrifasvæðisins, svo sem samgönguminjar (leiðir, vörður), garðlög, bæjarstæði, útihús, túngarðar og sjóbúðir. Allar fornleifarnar sem skráðar voru nema tvær voru metnar í stórhættu vegna vegaframkvæmda. Lagt var mat á verndargildi minjanna og tillögur settar fram um mögulegar mótvægisáðgerðir. Fyrirséð er að áhrif framkvæmdanna á fornleifar og búsetulandslag verði neikvæð.

### *Efnisorð:*

Fornleifastofnun Íslands, fornleifaskráning, vegagerð, heimatún, Djúpavík, Árneshreppur, Strandir.

## Summary

This report provides the results of a detailed archaeological fieldsurvey carried out for the Icelandic Road and Coastal Administration in advance of a proposed road construction at Strandavegur (643). The research area was nearly 12 km long and 300 m wide. The research area runs from Veiðileysufjörður in the east to Kjósarvík in the west. The proposed road runs across Kjós, an abandoned farm, and through the village Djúpavík but in most cases the planned road is a fair distance from the home fields of the other farms in question but close to the shoreline.

The fieldwork was undertaken in the summer 2020. Altogether, 72 archaeological units were identified. Much of the archaeology identified was near the home field at Kjós and the village Djúpavík. A wide array of archaeological sites was surveyed such as routes, outhouses, fishing huts and farm mounds. Most of the sites were classified as being at a high risk from the proposed road development. Assessment was made concerning the preservation value of the archaeology and suggestions made on

possible future archaeological work. In general, it is regarded that the proposed road development will have a negative impact on the archaeology and its landscape.

*Keywords:*

Institute of Archaeology (Iceland), archaeology, detailed survey, road construction, home field, Djúpavík, Strandir, Árneshreppur.

## Efnisyfirlit


1.	Inngangur	7
2.	Saga fornleifaskráningar og löggjöf	9
3.	Aðferðir við fornleifaskráningu	11
4.	Fornleifaskrá	13
	ST-003 Veiðileysa	13
	ST-004 Kambur	17
	ST-005 Kjós	18
	ST-611 Fornleifar á fleiri en einni jörð í Árneshreppi	38
5.	Niðurstöður og samantekt	40
	Minjar tengdar landbúnaði	43
	Minjar tengdar fiskveiðum og útgerð	44
	Samgönguminjar	45
	Aðrar minjar	46
	Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisáðgerðir	47
	Áhrif framkvæmda á fornleifar	51
	Heimildir	54
	Viðauki I: Hnitaskrá ISN93	56
	Viðauki II: Minjakort	58





# 1. Inngangur

Fyrirhugað er að breyta legu Strandavegar (643) um Veidileysuháls, frá Kráká að Kjósará í Kjósarvík. Með framkvæmdinni batna vegasamgöngur á svæðinu til muna, einkum að vetrarlagi, en vegurinn fer hæst í 250 m hæð yfir sjávarmáli. Vegagerðin fór þess á leit að Fornleifastofnun Íslands tæki að sér skráningu fornminja á áhrifasvæði fyrirhugaðra vegframkvæmda. Breytt veglína er tæplega 12 km löng og tekið var út 150 m breitt svæði frá miðlínu hennar eða samtals 300 m breitt belti. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands aðalskráð fornleifar í Árneshreppi á árunum 2002-2003 og var stuðst við þau gögn eftir þörfum.<sup>1</sup> Áður en verkið hófst var 41 minjastaður þekktur innan svæðisins en við vettvangsgöngur bættust 26 staðir við. Samtals eru því upplýsingar um 72 einingar, á 67 minjastaðum í skýrslunni og eru flestir í landi Kjósar.



Úttektarsvæðið er merkt inn á innfellt Íslandskort sem rauður punktur. Á loftmyndinni sjást útlínur svæðisins auk minja innan þess.

Landslag og gróðurfar á úttektarsvæðinu er fjölbreytt, þar eru allt frá grónum túnnum yfir í grýttar, snarbrattar skriður. Fornleifaskráningin var unnin sumarið 2020. Gengið var skipulega um allt úttektarsvæðið, allir minjastaðir hnitsettir og sjáanlegar

1 Birna Lárusdóttir o.fl., 2003; Birna Lárusdóttir o.fl., 2005

minjar á yfirborði mældar upp með GPS tæki af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000. Um vettvangsvinnu sáu Ragnheiður Gló Gylfadóttir og Gylfi Helgason, fornleifafræðingar, auk Sigrúnar Drífu Þorfinnsdóttur, fornleifafræðinema. Úrvinnsla og skýrslugerð var í höndum Ragnheiðar en Gylfi sá um kortagerð. Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjurum Fornleifastofnunar Íslands en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf og lagðar til af verkkaupa. Skráðar voru minjar á jörðunum Kjós, Kambi og Veiðileysu sem allar tilheyra Árneshreppi. Fyrirhuguð lega vegarins er innan heimatúsins í Kjós en langt utan heimatúna hinna jarðanna sem koma við sögu. Að auki mun vegurinn liggja í gegnum þorpið Djúpuvík sem byggðist á öðrum áratug 20. aldar, í landi Kjósar, í tengslum við síldarbræðslu og útgerð.

Uppbygging skýrslunnar er með þeim hætti að á eftir inngangskafli kemur yfirlit um fornleifaskráningu og löggjöf um minjavernd í landinu en í þriðja kafla er farið yfir skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands. Fjórði kaflinn er sjálf minjaskráin þar sem fjallað er um þær fornleifar sem eru innan úttektarsvæðis og í fimmta og jafnframt síðasta kaflanum er farið yfir helstu niðurstöður úttektarinnar. Að beiðni Vegagerðarinnar er að finna tvenns konar nýjungar í skýrslunni. Annars vegar var verndargildi fornleifa innan úttektarsvæðisins metið og fjallað um möguleg áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á fornleifar með vísan í leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um efnið og hins vegar eru í skýrslunni settar fram tillögur um mótvægisáðgerðir og vöktun. Það mat á verndargildi og tillögur að mótvægisáðgerðum sem birtast í skýrslunni eru álit sérfræðinga Fornleifastofnunar en Minjastofnun Íslands mun síðar í ferlinu leggja formlegt mat á þessa þætti og úrskurða í kjölfarið um nauðsynlegar mótvægisáðgerðir.



## 2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á Íslandi. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenszka fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skodanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun, og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og

bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,  
e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,  
f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,  
g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,  
h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,  
i. skipsflök eða hlutar þeirra.  
Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu.


Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 24. gr. laga um menningarminjar segir m.a.: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Komi til uppgrafter vegna framkvæmda, ber framkvæmdaaðili þann kostnað sem af því hlýst.

### 3. Aðferðir við fornleifaskráningu


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar Íslands hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ST-162:001). Fornleifaskráin samanstendur af lista yfir þær fornleifar sem skráðar voru á vettvangi innan rannsóknarsvæðis.

Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hverrar greinar eru grunnupplýsingar auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða. Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins í ISN93. Mæling hnattstöðu er gerð með Trimble Geoexplorer 6000 mælitæki og voru allir sýnilegir minjastaðir mældir upp og hnit tekið á hverjum stað hvort sem ummerki um minjar voru sýnilegar eða ekki og staður þannig merktur með því kenninafni sem hann hefur í fornleifaskránni (dæmi: GK-162:002). Samkvæmt lögum hafa allar

Númer jarðar í Jarðatali Johnsens	Númer fornleifar á tiltekinni jörð	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Hnattstaða í landshnitakerfi ISN93
Sýslutákn ← SF-175:009	Sveinshlaða	tóft	hlaða		E: 528751 N: 352323



Sveinshlaða 009, horfi til norðurs



Ljósmynd af minjastað og uppstilling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt ótíhús í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutóft sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlínu Skaftártúnguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Tóftin er í túnjaðri fast suðvestan við Skaftártúnguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs. Heildarstærð tóftarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturhluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torflaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innanmáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Hólfir virðast vera samtengd en hlaðan er mun yngri að sjá en hólfíð norðvestan við hana. Nokkur hólmyndun er undir norðvesturhluta tóftarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar → Hættu sem stöðjar að fornleif

**Heimildir:** Túnakort 1920 → Heimild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Dæmi um framsetningu á minjastað í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands.

fornleifar 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn, en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þó engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirbyggjandi upplýsinga með um 50 metra fráviki. Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirbyggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga. Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Hættustig eru eftirfarandi: 1) engin hætta, 2) hætta og 3) stórhætta. Minjar þar sem framkvæmdir eiga sér stað, eða innan áhrifasvæði framkvæmda, teljast oftast í stórhættu. Í þessari úttekt voru allir minjastaðir innan úttektarsvæðis metnir í stórhættu vegna framkvæmda utan tveggja. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni.

## 4. Fornleifaskrá

ST-003 Veidileysa

“Eiríkr snara hét maðr, er land nam frá Ingólfsfirði til Veidilausu ok bjó í Trékyllisvík. (ÍF I, 198). “Síðan gaf Eiríkr [snara er bjó í Trékyllisvík] honum [Önundi tréfót] Veidileysu alla ok Reykjarfjörð ok Reykjanes allt út þeim megin; en um rekann var ekki skilit, því at þeir váru svá nógir þá, at hverr hafði þat, er vildi.” (ÍF VII, 23).

8 hdr. 1847 og 1706. 1805 var eyðihjáleigan Fragatún [sic] talin hér með. (JÁM VII, 349; JJ, 221). Ábúð lauk í Veidileysu 1961.

Tún 3.5 ha. 1917. 1/3 slétt.

**ST-003:009** náma mógrafir

A387368 N606037

Miklar mógrafir eru rétt neðan við Veidileysuháls, um 820 m vestan við bæ 001 og rúmunum 450 m SSV við Kaupstaðavörðu 035.

Grafirnar eru rétt sunnan við gróinn klettaháls. Til suðurs eru deiglend svæði.

Mógrafir eru á svæði sem er 100 x 50 m að stærð og snýr austur-vestur. Austurhluti mógrafanna er utan við mörk svæðisins sem tekið var út 2020. Vegna stærðar mógrafarsvæðis er erfitt að segja til um nákvæman fjölda grafa en þær eru a.m.k. 20. Margar mógrafir eru enn fremur teknar að renna saman. Langflestar eru ferhyrndar, 6-5 m að stærð og snúa norður-suður. Vatn stendur í mörgum þeirra og eru þær 0,5-0,7 m djúpar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Í gegnum þoku glittir í mógrafir ST-003:009, horft er til suðurs.

**ST-003:022** þjóðsaga legstaður

A388892 N605799

“Frá Kráku er ónefnd fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krácutúni út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys, þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að vera dysjaðir,” segir í örnefnalýsingu. Melur þessi er um 150 m ASA af Krácutúni 020.

Stór melur sem nær allt frá fjallsrótum út að sjó. Á honum er slysavarnarskýli og þjóðvegurinn liggur um hann sunnanverðan.

Ekkert sem líkist dys sést nú á melnum né er vitað hvar hún var staðsett nákvæmlega.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Veidileysa, 8

**ST-003:023** Lending renna lending

A388946 N605928

“Frá Kráku er ónefnd fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krácutúni [020] út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys [022], þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að vera dysjaðir. Yst í bugnum var Lending. Ekki var vitað til að neinn hafi farist þar. Ofan og utan við hana er Hjallagrund [024],” segir í örnefnaskrá. Lending er norðan við sjóbúðirnar á Hjallagrund 024 og rúmunum 900 m austan við bæ 001.

Þurr grund er upp af víkinni og þar ofar bakki og sandmelur sem þjóðvegurinn liggur um.

Lendingin er milli tveggja tófta (024 1 og 024 4) og spil er beint upp af Lendingunni, u.þ.b. 15 metra (í suður). Lendingin sjálf er hrein af steinum og flúrum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



## Heimildir: Ö-Veiðileysa, 8

ST-003:024\_01 Hjallagrund tóft sjóbúð



Uppmæling af lendingu ST-003:023 og minjum á Hjallagrund ST-003:024.

©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands

A388940 N605921  
“Frá Kráku er ónefnd fjara út að Bug, sem er smávík á svonefndum Mel. Hann nær frá Krácutúni [020] út að Hryggjum, sem eru skriður niður í sjó. Innst á Melnum var dys [022], þar sem sagt var, að synir Kráku ættu að ver dysjaðir. Yst í bugnum var Lending [023]. Ekki var vitað til að neinn hafi farist þar. Ofan og utan við hana er Hjallagrund,” segir í örnefnaskrá. Að öllum líkindum standa tóftirnar í sambandi við útgerð fremur en fjárbúskap, til þess bendir hjallurinn og spilið. Tóftirnar, líklega sjóbúðir, raða sér kringum Lendinguna [023.] Tóftirnar eru allar hlaðnar úr torfi og

ávölu fjörugrjóti og standa vel, mesta veggghæð er 1 metri. Reftið er rekaviður sem nú er fallið inn í tóftirnar. Undir minjaheildina falla fjórar tóftir og einn hjallur á svæði sem er 40x17 m stórt og snýr norðaustur-suðvestur.

Purr grund er upp af víkinni og þar ofar bakki og sandmelur sem þjóðvegurinn liggur um. Lýsingin hefst á tóft 024\_1 sem er vestan við Lendingu 023, svo áfram suður og austur fyrir, en tóftirnar raða sér í kringum Lendinguna. Tóftin er 6x4 m að utanmáli og sést aðallega grjót í hleðslum að innanverðu og til norðurs. Tóftin liggur í austur-vestur og er op á u.þ.b. miðjum norðurlangvegg sem snýr niður að sjó. Tóftin stendur mjög frammarlega á sjávarbakkanum. Undir tóftinni mótar fyrir eldri tóft/þúst, greina má gróna vegg meðfram báðum skammhliðum og óljóst op til norðurs. Eldri tóftin er u.þ.b. 8,5x6,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Veiðileysa, 8



Tóft ST-003:024\_1, horft til SSA.



Tóft ST-003:024\_2, horft til VSV.



**ST-003:024\_02** tóft sjóbúð

A388938 N605911

Tóft 024\_2 er rúmum 2 m sunnan við tóft 024\_1. Hún er 5x4 m að stærð, einföld og snýr í austur-vestur. Vesturgafli er opinn og þar gæti hafa verið timburþil. Einnig er horfið úr norðausturhorni tóftarinnar. Tóftin er algróin en veggir að öllum líkindum hlaðnir úr torfi og grjóti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-003:024\_03** tóft sjóbúð

A388943 N605914

Tóft 024\_3 er rúmum meter norðaustan við tóft 024\_2. Hún er ferköntuð, 2 x 2 m að stærð og í hana miðja er dæld, 0,4 m djúp. Ekkert op sést á yfirborði og veggir eru algrónir. Þeir eru þýfðir og óljósir að hluta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Tóft ST-003:024\_3, horft til VSV.



Tóft ST-003:024\_4, horft til NNA.

**ST-003:024\_04** tóft sjóbúð

A388955 N605936

Tóft 24\_4 er 8 m norðaustan við tóft 024\_1, lending 023 er á milli þeirra. Tóftin er tvískipt. Hún er alls 9 x 5 m stór og snýr í austur - vestur. Beint niður undan tóftinni að norðaustan er fjaran og er bratt niður í hana af bakkanum. Þar í bakkanum sjást hleðslur í rofi. Eystra hólfið er stendur vel, er 2 x 3 m að innanmáli og er 3 m op á norðurlangvegg. Vestara hólfið er mun signara, það er opið til suðurs og hallar botn þess mót suðri. Það er u.þ.b. 3 x 1,5 m að innanmáli og er suðurgafli alveg opinn (op snýr mót hlíðinni). Langveggur í norðurhólfinu er rofinn að öllum líkindum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-003:024\_05** mannvirki hjallur

A388970 N605917

Hjallurinn er enn uppstandandi að hluta á Hjallagrund u.þ.b. 20 m suðaustur af tóft 024\_4. Milli hornstoða hjallsins eru 5 m á langveg en 2 m á skammhlið. Millistöð er á miðri langhlið. Umhverfis hjallinn er kaðall en einungis undirstöðurnar eru eftir í veggjum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Hjallur ST-003:024\_5, horft til norðausturs.

ST-003:035 Varða varða samgöngubót

A387486 N606454



Varða ST-003:035, horft til austurs.

“Beint upp af Efra-Móholti er Vörðuholt. Á því er Varða. Oft var sagt “að fara upp að Vörðu”, segir í örnefnalýsingu. Varða þessi var einnig nefnd Kaupstaðarvarða. Farið var hjá henni á leið yfir á Kúvíkur. Varðan er hátt uppi á brún, tæpa 800 m norðvestur af bæjarhól 001 í beina loftlínu.

Hrjóstrug brún.


Varðan er þokkalega hlaðin, 1,3 m há og um 1,5 í þvermál að grunnfleti. Skófir vaxa á grjóthleðslum sem eru nokkuð úr lagi gengnar en þó ekkert farnar að hrynja. Mjög víðsýnt frá vörðunni yfir Veidileysufjörð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Veidileysa, 3

ST-003:056 varða samgöngubót

A387341 N606117



Varða ST-003:056, horft til suðurs.

Nær hrunin varða er rétt sunnan við Veidileysuháls, um 800 m vestan við bæ 001 og rúmum 80 m norðan við mógrafir 060. Varðan er á leið 009, sem lá milli Veidileysu og Kúvíkur ST-004:086.

Varðan er á grýttu svæði í fjallshlíð. Gróður þéttist talsvert til suðurs og þar er grösugt deiglendi.

Varðan er hlaðin ofan á jarðfast bjarg. Sjálf varðan er um 0,5 m á hvorn veg og er 0,2-0,3 m há en um 0,7 m ef bjargið er talið með. Varðan er hlaðin úr 4-6 steinum og er orðin svo aflaga að ekki er hægt að sjá umför. Grjótdreif sést í kringum vörðuna sem hefur líklega tilheyrt henni áður fyrr.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

ST-003:057 varða samgöngubót

A388991 N605533



Varða ST-003:057, horft til austurs.

Lágreist varða er um 50 m austan við Strandaveg og tæpum 380 m sunnan við sjóbúðir 024. Varðan er á klapparholti, rétt ofan við veginn og er hrunin. Ræsi er í þjóðveginum á mótis við vörðuna. Hún var að öllum líkindum samgöngubót á leið ST-611:001, sem lá meðfram ströndinni á milli bæja.

Klapparholtið er þakið grjóti, bæði stóru og smáu. Mosi og lyng vex á stöku stað. Deiglendi er umhverfis holtið, sem og annarra hóla sem eru á svæðinu.

Varðan er lítil. Hún er 1 x 0,5 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð. Hún er hlaðin úr hellugrjóti, alls eru þrjú umför í henni. Stór og flöt hella er efst en minna grjót neðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



**ST-003:058** varða óþekkt

A388633 N605354

Hrunin varða er á tungu milli Krákár að austan og Húsaár að vestan, neðarlega í brattri fjallshlíð. Strandavegur er nokkuð ofar í brekkunni. Varðan er um 850 m suðaustan við bæ 001 og 400 m suðvestan við vörðu 057.

Varðan er á lágum hól, mosi og lyng eru áberandi. Víða eru klapparhólar en inn á milli eru lækir og deiglendi.

Varðan er hrunin og grjótið liggur til suðausturs frá henni. Mosi vex yfir hluta þess. Enn má greina þrjú umför grjóthleðslu í vörðunni sem er 0,5 x 0,5 m að grunnfleti og 0,3 m á hæð.

**Hættumat:** stórhætta, vegna veggerðar



Varða ST-003:058, horft til suðurs.

**ST-003:059** varða samgöngubót

A387290 N606529

Um 210 m norðvestan við vörðu 035 er varða og vel sést á milli þeirra. Hún stendur á hæsta punkti á grýttum ás.

Grýttur klettaás.

Varðan er um 1 x 1 m að stærð og um 0,4 m á hæð. Hún er ágætlega hlaðin og er grjótið skófum vaxið. Gróið er við rætur vörðunnar og er mjög víðsýnt frá henni yfir Veidileysufjörð. Varðan gæti hafa vísað á leið sem sést ekki lengur eða á leið ST-611:001 sem liggur um 250 m suðvestar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna veggerðar



Varða ST-003:059, horft til suðvesturs.

## ST-004 Kambur

1224: Máldagi Reykjarholtskirkju [iv]. Þessa reka a kirkiai rekiá holli. Vndir felli ytra þriðvngur hvalreka ok halfr viðreki ok land halft. Vndir iðra felli þriðvngur hvalreka ok likt i agoða. Sem vndir ytra felli. Þriðvngur hvarttveggja i agoða. A mvnaðar nesi fiordvngur hvalreka. Að kamb i fiordvngur i hvalreka. I byrgisvik fiordvngur i hvalreka. (DI I, 476)

“Þetta var gört; var þá svá skipt til, at þeir Þorgrímr létu Reykjarfjörð ok allt út þeim megin, en þeir skyldu eiga Kamb [...]. (IF VII, 32).

24 hdr. 1847 og 1706. 1805 eru eyðihjáleigurnar Ketilstaðir, Halldórstaðir og Hrauntún taldar hér með. (JÁM, 348 og JJ, 221.) Halldórstaðir byggðust að nýju, líklega 1845 en fóru í eyði 1933. (ÁFÍ 2000, 46). Jörðin Kúvíkur er talinn með Kambi.

Kambur hefur verið í eyði síðan 1954.

Tún 2.9 ha. 1917. 1/4 slétt.

**ST-004:018** Nátthagi tóft nátthagi

A386230 N608709


“Þá kemur vík sem nefnist einu nafni Nátthagi. Þar var afgirtur nátthagi, en hann var ekki notaður, svo Ína [Jensen] muni til,” segir í örnefnaskrá. Vík sem kemur heim og saman við lýsinguna er 380 m vestur af Stekk 056.

Grösugt undirlendi er upp af víkinni, hún er klettum girt yst eða austast.

Undir klettunum er hlaðin skeifulaga rétt, 6 x 9 m stór og opin í vestur. Suðurhliðin er grjóthlaðin en að norðan er fyllt upp í tvö skörð milli kletta. Hleðslur standa bærilega, allt að 0,8 m háar og í þeim 4-5 umför grjóts. Réttin virðist tæplega nógu stór til að geta kallast



Nátthagi ST-004:018, horft til austurs.



Uppmæling af nátthaga ST-004:018. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

nátthagi, hins vegar er víkin í sjálfu sér ágætt aðhald. Ekki fundust neinar aðrar hleðsluleifar á svæðinu sem gætu verið af nátthaga.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kúvíkur, 3

**ST-004:038** vegur leið

A386351 N608427

Á herforingjaráðskorti 32 NV frá 1915 sést reiðleið liggja til austurs, frá leið ST-611:001, að Kúvíkum. Leiðin var skáð á Veidileysuhálsi árið 2020 innan deiliskráningarsvæðis.

Í landi Kambs þræðir gatan deiglendi og mosagróna ása.

Búið er að ryðja leiðina allt að Kúvíkum en ekki er vitað hvenær það var gert. Vegurinn liggur þvert í gegnum áhrifasvæðið norðarlega á Veidileysuhálsi en var ekki rakin utan þess.

**Heimildir:** Hkort 32 NV Árnes-Kúvíkur 1915 1:50000

**ST-004:088** náma mógrafir

A386650 N607952



Mógrafir ST-004:088, horft til VSV.

Mógrafir eru rétt vestan við Búðará, um 5,2 km VNV við bæ 001 og rúmum 370 m VSV við mógrafir 039.

Grafirnar eru rétt norðvestan við gróinn kletthamar. Til vesturs er framræst votlendi.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 50 x 35 m að stærð og snýr norður-suður. Innan svæðis eru um 8 - 14 mógrafir, allflestar þeirra eru ferhyrndar, 5 x 4 m að stærð og snúa nálæga ANA-VSV. Grafirnar eru 0,4 - 0,6 m djúpar. Vatn stendur í botni margra mógrafa og í sumum þeirra vex stór. Á austurhluta svæðisins eru grafirnar þó samansignar og lítið vatn í þeim.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

ST-005 Kjós

8 hdr. 1847 og 1706. (JÁM 349; JJ, 221.) Þegar Jarðabókin var gerð 1706 var tvíbyli á jörðinni. Kjós hefur verið í eyði síðan 1946. Þorpið Djúpavík er byggt í landi jarðarinnar. Upplýsingar um túnstærð hafa ekki fylgt túnakorti 1917.






Heimatúnið í Kjós skiptist í tvo hluta á túnakorti frá 1917. Á myndinni sést vestara túnið, Húsatún. Skekkja er í túnakortinu og erfitt að láta eystra túnið við bæinn passa á loftmynd. Það afmarkaði svæði frá nausti ST-005:035 til norðurs, að bæjarlæknum til austurs og endaði skammt norðan við útihús ST-005:036. © Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

**ST-005:001\_01** Kjós tóft bústaður

A382488 N607374

“Bærinn stóð á Bæjarhól. Nyrðri hluti hans endaði í þverhníptum kletti, sem kallaður var Snös eða Snoppa [...] Stóruþúfur [011] voru gamalt bæjarstæði. Sagt er, að bærinn hafi brunnið og síðan verið fluttur á hærri stað, sennilega vegna fannþyngsla. Sögn er um, að bóndi á bænum hafi heitið Bárður, þegar bærinn brann. Maður með því nafni bjó þar 1703,” segir í örnefnalýsingu. Bærinn stóð upp af miðri Kjósarvík sem gengur inn af Reykjarfirði suðaustanverðum. Bærinn er merktur rétt fyrir miðju túni á túnakorti frá 1917 og snéru stafnar bæjarins til suðurs. Jörðin fór í eyði 1946 samkvæmt Árbók Ferðafélags Íslands frá árinu 2000 og hefur bæjarhöllinn lítið verið raskaður. Á honum sjást enn vel varðveittar tóftir 001\_01 sem og leifar af kálgarði 001\_02



Uppmæling af bænum í Kjós ST-005:001\_1 og kálgarði 001\_2 til suðvesturs.  
©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

Norðarlega á bæjarhólnum sjást leifar af steiptum skorsteini. Sjálf bæjartóftin er 17 x 13 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Veggir tóftarinnar eru torf- og grjóthlaðnir, hæstir til norðurs 1,5 m en til annarra átta eru þeir aðeins lægri, 0,8-1,2 m. Bæjartóftin er á kafi í grasi en þó sést á stöku stöðum í 2-3 umför af staðilegu grjóti í hleðslum. Í bæjartóftinni má greina þrjú hól og í lýsingu hér neðar fá þau bókstaf til aðgreiningar, sem hefst suðaustan, á hólfi A. Það er 5 x 3,5 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hólfið er niðurgrafið um 0,3-0,4 m og sjást steypubrot meðfram langveggjum, mögulega hefur þetta verið þró. Hólf B er um 5 m



Minjar á bæjarhólnum í Kjós ST-005:001, horft til norðausturs.

NNA við hólfi A. Það er 6,5 x 3 m að innanmáli og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er hlaðinn veggur á hólfinu til suðausturs. Hólf C er 5 m norðvestan við hólfi B. Það er ógreinilegt og mjög grasgróið. Hólfið sést sem 0,2 djúpur niðurgröftur sem er 3 m á hvorn veg. Mögulega hefur verið op á hólfinu til norðausturs en það er ekki skýrt. Til er ljósmynd af suðvesturhlið bæjarins sem tekin var á fyrri hluta 20. aldar. Þar sést að bærinn var reistur úr blöndu af timbri, grjóti og torfi. Hluti timburverksins er bárujárnsklæddur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1-2; Túnakort 1917; ÁFÍ 2000, 58

áfast við suðvesturhluta bæjarins. Fornleifarnar eru á svæði sem er 30 x 20 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur.

Víkin markast af Kjósarhöfða að austan en Stekkjarnesi að norðvestan. Þjóðvegurinn liggur í sveig skammt fyrir neðan eða austan bæjarstaðið.

Bæjarhóll seinasta Kjósarbæjarins sést á svæði sem er rúmlega 25 x 20 m stórt og snýr norðvestur-suðaustur. Bæjarhóllinn sem svo var nefndur er að mestu leyti náttúrulegur, sáralítill hólmyndun er undir rústunum umfram kletthóllinn, mest 0,2 m.

### ST-005:001\_02 gerði kálgarður

A382479 N607370

Fast suðvestan við bæjartóft 01 er vel varðveittur kálgarður. Hann er 10,5 x 9 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru grjót- og torfhlaðnir, 1 m á hæð. Ekki sér í umför vegna gróðurs en þó glittir í staðilegt grjót hér og þar í hleðslum. Garðurinn er afgirtur og afmarkar bæjartóftin norðausturhluta kálgarðsins. Botn kálgarðsins er smáþýfður en þó mótur óljóst fyrir 1-2 beðum í suðurhluta.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



**ST-005:002** öskuhaugur

A382502 N607403

“Bærinn stóð á Bæjarhól. Nyrðri hluti hans endaði í þverhniptum kletti, sem kallaður var Snös eða Snoppa. Ösku og rusli var hent fram af Snoppunni,” segir í örnefnalýsingu. Snoppan gengur til austurs um 5-6 m austur af bæjarrústum 001.

Neðan við hana er grasþýfi að þjóðvegi.

Enginn hóll eða haugur sést undir Snoppunni, aðeins grösugt stórþýfi. Þó er illa afmarkaður þúfnahóll heldur austar en beint fram af Snoppu, um 5 m í þvermál en gæti verið náttúrulegur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:003** *Lending* heimild um lendingu

A382521 N607437

“Sjávargata [049] liggur rétt austan við Snoppuna, niður að Lendingu,” segir í örnefnalýsingu. Lendingin hefur verið fyrir botni Kjósarvíkur, beint niður eða norðaustur af bæ 001.

Lendingin hefur markast af dálitlu sandrifi að norðan en nokkrum klettum að sunnan.

Engin mannvirki sjást ofan við lendinguna, enda hefur vegurinn verið lagður þar í flæðarmálinu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:004** *Fjósflöt* örnefni fjós

A382538 N607327

“Kringla var ofurlítill sléttur blettur ofan við Stóruþúfur [011]. Fjósflöt var rétt ofan við Kringlu,” segir í örnefnalýsingu. Af lýsingu að dæma er Fjósflöt ofan eða sunnan við vegarslóða sem liggur heim að bæ 001, hátt í 100 m suðaustan við bæjarrústirnar.

Íðagræn og nokkuð þýfð flöt. Stór steinn er í norðurjaðri hennar.

Engar rústir sjást á flötinni sem er allt að 40 x 40 m stór. Mjög skörp brún er á henni að austanverðu og þar fyrir neðan rennur bæjarlækurinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:005** *Húsatún* tóft fjárhús

A382292 N607271

“Milli heimatúns og Húsatúns, sem náði að Kjósará, var mjó ræma af óræktuðu landi, hluti af allstórri dældóttri hæð, sem nefndist Leiti. Ekki sást frá bænum á Húsatúnið,” segir í örnefnalýsingu. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús um 230 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 30 m norðvestan við útihús 042. Á þessum stað sést enn stæðileg fjárhústóft á svæði sem kallað er Húsatún sem er stakstætt og aðskilið hinu eiginlega heimatúni.

Fjárhústóftin er í óræktuðu túni sem hallar smávægilega til VNV.

Tóftin er vegleg og má greina fjögur hólf. Hún er 30 x 10 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Veggir eru grjóthlaðnir en tóftin er á kafi í grasi og því sést ekki í umför þótt víða glitti í stæðilegt hleðslugrjót. Veggir eru stæðilegastir til norðurs, um 1 m, en til annarra átta eru veggir 0,7 - 0,8 m háir. Op er á tóftinni, fyrir miðju norðvesturhliðar hennar, í hólf B. Hólf A er syðst. Það er 3 x 2 m að stærð að innanmáli og snýr þvert á tóftina. Ekkert op er greinilegt í hólfinu og líklega er þetta heygarður. Hólf B er um 5 m norðan við hólf A. Það er sjálft fjárhúsið, 10 x 7,5 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Frá báðum skammhliðum ganga garðar inn að miðju húsi en milli er 2-3 breiður gangur. Norðan fjárhúsanna er gróin bunga og í henni vottar fyrir tveimur hólfum (C og D). Hólf D er næst fjárhúsunum. Það er 3 x 5 m að innanmáli og snýr austur-vestur. Rétt norðaustan við það er hólf D. Það er mun ógreinilegra og er 2 x 2 m að innanmáli. Það er lítillaga niðurgrafið um 0,2-0,3 m. Ekki sjást op í hólfum C og D. Möguleiki er að hólf C og D séu ummerki um útihús sem var sambyggt fjárhúsinu.



Tóft ST-005:005, horft til suðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar  
**Heimildir:** Ö-Kjós, 1; Túnakort 1917



Uppmæling af minjum innan og við Húsatún. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

**ST-005:006** Húsatún tóft útihús

A382273 N607214



Tóft ST-005:006, horft til VSV.

“Milli heimatúns og Húsatúns, sem náði að Kjósará, var mjó ræma af óræktuðu landi, hluti af allstórrri dældótttri hæð, sem nefndist Leiti. Ekki sást frá bænum á Húsatúnið,” segir í örnefnaskrá. Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús syðst í Húsatúni, um 270 m suðvestan við bæ 001 og rúmum 40 m suður af fjárhústóft 005. Húsatún er í slakka vestanundir Leiti, við Kjósará.

Tóftin er tvöföld, 6 x 5 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóftin er óljós og veggir úr lagi gengnir. Veggir eru grjóthlaðnir en ekki sést í umför vegna gróðurs. Veggir eru stæðilegastir til norðurs, 0,7 m en til annarra átta eru þeir 0,4-0,5 m. Hólf A er syðst í tóftinni. Það er 2,5 x 2,5 m að innanmáli og snýr eins og tóftin. Ekki er

hlaðinn veggur á suðvesturhlið þess. Rétt norðaustan við hólf A er hólf B. Ekki er innangengt milli hólfa. Það er 3,5 x 2 m að innanmáli og snýr VNV-ASA. Ekki er greinilegt op á því hólf.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar  
**Heimildir:** Túnakort 1917; Ö-Kjós, 1

**ST-005:007** Veita örnefni áveita

A382556 N607376

“Austan við Stórupúfur [sjá 011] var mýrlendur blettur. Veita,” segir í örnefnalýsingu. Veita er fast austan undir Stórupúfum 011, um 60 m austur af bæ 001.

Mýrlendur blettur, um 20 m í þvermál. Austan við hann liggur gamall vegarslóði heim að bæjarrústunum.

Engin merki sjást um áveitu og líklegt að bletturinn heiti svo vegna mýrlendisins.

**Hættumat:** engin hætta  
**Heimildir:** Ö-Kjós, 2



ST-005:008 tóft kvíar

A382445 N607408

Tóft er 50-60 m norðaustur af bæ 001 og tæpum 40 m vestan við naust 035. Kvíarnar eru fast ofan eða suðvestan við Strandaveg.



Kvíar ST-005:008, horft til norðurs.



Uppmæling af kvíum ST-005:008. ©Loftmyndir ehf. og Fornleifastofnun Íslands

Tóftin er suðvestan undir háum kletti og gróið tún er til austurs og vesturs.

Undir klettinum er niðurgrafið hól sem hefur verið hlaðið upp að innanverðu. Núverandi hæð er um 0,3 m. Hólfið snýr hér um bil norður-suður, er um 2 m breitt og 6 m langt að innanmáli og styðst að mestu við klettinn að sunnanverðu. Sunnan undir sama kletti er óljós dæld sem gæti verið manngerð, um 3 m í þvermál. Hlaðinn veggur er þar til austurs, tóftin gæti verið af litlu aðhaldi, t.d. kvíum sé tekið mið af staðsetningu og lagi hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

ST-005:009 tóft skotbyrgi

A382636 N607368

“Gilholt er holt utan við Bæjargilið. Þar var skothús. Þá taka við melar meðfram sjónum, kallaðir Grund,” segir í örnefnalýsingu. Bæjarlækur rennur í Bæjargili austan við Kjósartún. Gilholt er þar fyrir utan, um 150 m austur af bæ 001. Tóftin er 140 m austan við bæ 001 og 60 m austan við tóft 072. Tóftin er sunnan við Strandaveg, um 10 m sunnan við rafmagnslínu. Gróið holt, grasivaxið og þýft.

Tóftin snýr suðvestur-norðaustur og er einföld. Hún er um 4 x 4 m á stærð og opið snýr til norðausturs. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti og er grasi gróin. Ytri brúnir hennar eru nokkuð óskýrar og eru veggir um 0,2 m á hæð að utanmáli. Hæð veggja að innanmáli er 0,4 m á hæð og nokkuð mikið grjót hefur hrunið úr veggjum inn í tóftina. Líklega er þetta tóft af meintu skotbyrgi sem ekki fannst við aðalskráningu árið 2002.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Uppmæling af skotbyrgi ST-005:009. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.



Skotbyrgi ST-005:009, horft til suðvesturs.

## Heimildir: Ö-Kjós, 2



Túngarður ST-005:010, horft til norðvesturs.

lítið grjótbyrgi samhlaðið honum innanverðum, tæplega 2 x 2 m að stærð. Ekkert op sést þar inn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Bæjarstæðið í Stóruþúfum ST-005:011 horft til norðurs. Veglegur hóll er sjáanlegur á yfirborði.

Ávalur og siginn, grösugur hóll, ekki stórþýfður en lítur út fyrir að vera rústahóll. Hann er kúptur og reglulegur, stendur lægra en bæjarrústirnar 001, um 20 m í þvermál og 2-3 m á hæð. Engar rústir sjást á hólnum og hvergi sér í grjót. Austast í honum, þar sem halla tekur til austurs, er í honum regluleg dæld, kannski eftir smákofa eða súrheysgryfju, um 4 x 5 m stór frá austri til vesturs og 0,3 djúp.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1-2

**ST-005:013** Höfðafloí náma mógrafir  
A382949 N607304

“Höfðafloí er fyrir ofan Kjósarhöfða frá Bæjargili og niður til Prengsla. Þessi floi er mjög blautur og gott mótak og nokkrar slægjur í honum,” segir í örnefnalýsingu. Mógrafir eru um 490 m ASA við Kjósarbæ 001 og rúmum 410 m austan við Kindarvað 033.

Mógrafirnar eru á votlendi sem er á milli tveggja



Mógrafir ST-005:013, horft til suðurs.

**ST-005:010** garðlag túngarður A382366  
N607366

Hlaðinn garður er á sjávarbakka norðan Húsatúns, fast austan við ós Kjósarár. Garðurinn er norðan þjóðvegjar en afmarkaði áður norðausturhlið Húsatún og sést á túnakorti frá 1917. Skrásetjarar áttuðu sig ekki á þessu árið 2002 og af þeim sökum er hann skráður undir sérstöku númeri en ekki 016 líkt og aðrir hlutar hans. Bratt og grýtt er niður í fjöruna til norðurs. Gróin flöt.

Grjóthledsla liggur í sveig meðfram háum sjávarbakka frá austri til vesturs og sést á alls um 35 m löngum kafla. Hún er alveg hrunin en ógróin. Um 10 m frá austurenda garðsins er

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:011** Stóruþúfur bæjarstæði býli  
A382526 N607386

“Kringla var ofurlítill sléttur blettur ofan við Stóruþúfur [...] Stóruþúfur voru gamalt bæjarstæði. Sagt er, að bærinn hafi brunnið og síðan verið fluttur á hærri stað, sennilega vegna fannþyngsla. Sögn er um, að bóndi á bænum hafi heitið Bárður, þegar bærinn brann. Maður með því nafni bjó þar 1703,” segir í örnefnalýsingu. Stóruþúfur eru fast austan undir Snoppu sem bæjarrústir 001 eru á, vestan við mýrarblettinn Veitu 007.

Graslendi. Dæld er meðfram hólnum að sunnan og austan, síðan tekur við graslendi meðfram Bæjargili.



ása; nyrðri ásinn er lítið gróinn en á þeim syðra er þétt mosaþemba. Til suðausturs er framræst votlendi.

Mógrafirnar eru á svæði sem er 150 x 40 m að stærð og snýr nálega ANA-VSV. Suðurhluti mógrafanna er utan við mörk deiliskipulagssvæðisins sem tekið var út 2020. Erfitt er að meta fjölda grafa innan svæðis vegna stærðar en þær skipta líklega tugum. Grafirnar eru samansignar en vatn stendur í þeim á flestum stöðum. Flestar eru ferhyrndar, um 5 x 5 að stærð. Þær virðast um 0,4-0,6 m djúpar, en sums staðar eru þær grynri, 0,2-0,4 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 3

**ST-005:015** *Beitarhúsagrund* tóft beitarhús

A384783 N608255

“Beitarhús voru rétt innan við Hvammsgil. Þar var dálítil grund, sem gerð var að túni. Hún var kölluð Beitarhúsagrund,” segir í örnefnalýsingu. Tóft beitarhúsanna er tæpa 2,5 km norðaustur af bæ 001 og 225 m suðvestan við naust 038, austan Djúpuvíkur en vestan Kleifarár. Sjávarbakki undir brattri brekku, grýttri en hálfgróinni mosa og lyngi. Frá tóftinni eru um 5 m að sjávarkambinum. Lækur rennur um 20 m austan við húsinn.

Tóftin er 12,5x6 m á stærð og skiptist í tvö hólf, fjárhús og hlöðu. Fjárhúsið snýr nálega norður-suður og er hlaðan þvert á suðurvegg fjárhússins og snýr hún austur-vestur. Opíð er á milli hólfanna og eru dyr á fjárhúsinu í norður. Tóftarveggirnir standa vel, hlaðnir úr hellum.



Tóft ST-005:015, horft til suðurs.



Uppmæling af tóft ST-005:015 á Beitarhúsagrund.  
©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

Hlaðan gengur alveg upp að brekkunni ofan við. Veggir eru um 1,5 m þykkir og hæð víðast hvar um 1 m. Þak hefur verið úr rekaviði og sjást leifar af því innan veggja. Inn í fjárhústóftinni er garði hlaðinn úr torfi og grjóti, 6 x 1 m á stærð og 0,4 m á hæð. Vesturlangveggur hefur raskast fremst, hugsanlega vegna ágangs sjávar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 4

**ST-005:016** garðlag túngarður

A382341 N607291

Á túnakorti frá 1917 er merktur túngarður umhverfis svokallað Húsatún sem var stakstætt tún vestan við heimatúnið. Leifar hans sjást enn og var hluti hans skráður í aðalskráningu árið 2003. Garðurinn var skráður aftur í deiliskráningu árið 2020. Garðurinn sést á þremur stöðum umhverfis túnið.

Kjósará rennur með heimatúninu að norðanverðu. Þjóðvegur markar það að austan en vegarslóði að sunnan - sunnar en túngarðurinn. Á milli heimatúnsins og Húsatúns er svokallað



Túngarður ST-005:016, horft til suðvesturs.

Leiti og ekki sést þar á milli. Leiti er óræktað.

Túngarðurinn sést á hrygg austan túnsins, um 35 m austan við tóft 005 og 30 m sunnan við malarveg. Þar er garðurinn fremur ógreinilegur og breiður, um 2-3,5 m á breidd og um 0,3-0,4 m á hæð. Þessi hluti garðsins er líklega torfhláðin, a.m.k. sést ekki grjót í hleðslum. Garðinum var fylgt um 40 m til suðurs en þar hverfur hann undir vegslóða. Garðurinn sést einnig um 20 m vestan við tóft 005 og er hlaðinn úr torfi og grjóti þar. Hann er um 0,5 m á hæð, 1,5 m á breidd og um 20 m langur. Um 20 m sunnan við tóft 005 og 20 m norðan við tóft 006 sést lítill hluti af túngarðinum sem er 5,5 á lengd og 2,5 m á breidd. Þar er hann 0,4 m á hæð og sést sem þrjár stórar þúfur sem mynda saman beina línu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:020** heimild um lendingu

A607438 N382492

“Gömul lending var rétt vestan við Rifið. Hún var lögð niður vegna grynninga,” segir í örnefnalýsingu. Lending þessi hefur verið 20-30 m vestan við aðallendinguna, sjá 003.

Sandfjara er vestan rífsins en grynningar framundan henni.

Þess má geta að leifar af mannvirki, e.t.v. nausti, eru skammt ofan lendingarinnar, sjá 035.

Lendingin sjálf sést ekki.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:021** heimild um kvíar

A382380 N607280

“Húsatúnsbrekka var vestan í Leitinu. Þar voru kvíar stundum hafðar neðan við brekkuna,” segir í örnefnalýsingu. Kvíarnar hafa verið hafðar tæpa 100 m austan við fjárhústóft 005 eða þar um bil.

Leitið sjálf er lítt gróið en þökkalegur túnskiki undir því.

Ein tóft sést á svæðinu, sjá 041, en engin kvíatóft, enda virðist af orðalaginu líklegt að það hafi verið færíkvíar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:022** Klömp náttúrumin huldufólksbústaður

A382269 N607179



Klömp ST-005:022, horft til norðurs.

“Í jaðrinum á Húsatúni voru klettur kallaðir Klömp. Þar var talið að huldufólk hefðist við,” segir í örnefnalýsingu. Klettastapinn er í suðurjaðri Húsatúns, um 290 m suðvestan við Kjósarbæ 001 og rúmum 40 m sunnan við útihús 006.

Stapinn er rétt norðan við gróinn klettaás. Umhverfis stapann er gróið svæði en rétt norðan við hann liggur malarlóði.

Klettarnir eru dekkri en annað grjót í kring og skera sig því talsvert úr umhverfinu vegna þess. Þeir eru þó fremur litlir, 6 x 5 m að stærð, snúa norður-suður og eru um 2 m háir.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 5

**ST-005:028** heimild um vað

A382238 N607318

“Kindavað var á Kjósará spölkorn fyrir ofan veginn, þar sem áin breiddi úr sér. Þar var hún oft riðin, ef mikið var í henni,” segir í örnefnalýsingu. Vaðið hefur líklega verið skammt ofan (vestan) við brúna á þjóðveginum, 250 m vestur af bæ 001.

Þar var breidd á ánni en nú hefur miklu verið bylt á árbökkunum, líklega vegna efnistöku eða vegagerðar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



**Heimildir:** Ö-Kjós, 7

**ST-005:033** *Kindavað* heimild um vað A382566 N607208  
“Bæjargil er lækur, sem rennur ofan af fjöllum. Venjulegt vað á því var við sjóinn [sjá 034]. Nokkru hærra, rétt fyrir ofan túnið, var annað vað, Kindavað,” segir í örnefnalýsingu. Kindavað er um 190 m SSA við Kjósarbæ 001 og rúmum 100 m VNV við vörðu 062. Lækurinn rennur í slakka austan við tún.

Lækurinn er um 2 m á breidd, ekki straumþungur og sæmilega grunnur. Bakkar beggja megin við eru fremur sléttir. Engin ummerki um götur sáust við við vaðið, hvorki á loftmynd eða á vettvangi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 2

**ST-005:034** heimild um vað A382609 N607399  
“Bæjargil er lækur, sem rennur ofan af fjöllum. Venjulegt vað á því var við sjóinn,” segir í örnefnalýsingu. Vaðið er um 120 m ANA af bæ 001 og 55 m norðaustan við tóft 072. Vaðið er horfið.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 2

**ST-005:035** tóft naust A 382488 N607415  
Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús 40-50 m beint norður af bæ 001. Tóftin er nánast beint upp (suður) af gamalli lendingu sem var vestan við Rif [sjá 020], aflögð vegna grynninga. Strandavegur liggur nú á fjörukambinum. Neðan við hann er fjara en ofan við grasþýfi allt að klettinum Snoppu. Mikið þýfi er sunnan, austan og vestan við tóftina. Bátslaga tóft sést á staðnum, líklega leifar af nausti. Hún er 8 m breið og 14 m löng frá norðri til



Naust ST-005:035, horft til norðurs.




Uppmæling af nausti ST-005:035 og nálægum minjum, innan heimatúnsins eins og það var afmarkað 1917. ©Loftmyndir og Fornleifastofnun Íslands.

suðurs að utanmáli en norðurendinn hverfur undir veginn. Veggirnir eru algrónir og 0,3 m á hæð. Hægt er að greina þrjú hólfi í tóftinni. Hólf 1 er nyrst og var naust. Það er 7 x 2 m að innanmáli, snýr norður-suður og er opið til norðurs. Hólf 2 er sunnan við hólf 1 og er óljóst vegna grasþýfis. Hólfið er 2 x 1 m að innanmáli og snýr austurvestur. Op er í norðausturhorni, yfir í hólf 1. Syðst í tóftinni er hólf 3. Það er afar óljóst en virðist 1,5 x 0,5 m að innanmáli og snúa austur-vestur. Ekkert op sést á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:036** tóft útihús A382477 N607320  
Tóft er í Kjósartúni, 20-30 m suður af bæjarrústum 001. Túngarður 039 náði mögulega að tóftinni að austan eða hún byggð ofan á honum. Tún sem hallar mót austri, það er í austurhlíð Leitís.



Uppmæling af minjum fast sunnan við heimatúnið líkt og það er afmarkað 1917. Tóft ST-005:036 er þar á meðal.

Tóft ST-005:036, horft til norðausturs.

©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

Tóftin er af nokkrum sambyggðum útihúsum, alls 30 m löng frá norðri til suðurs og á bilinu 6-8 m á breidd. Í lýsingu þessari eru útihúsin kölluð hólfi. Í suðurhluta tóftarinnar sjást fjögur greinileg hólfi, þau í miðjunni eru greinilegust. Allra syðsta hólfið er um 4 x 1 m stórt, opið í austur. Veggir þess eru fremur veigalitlir, gæti hafa verið heygarður. Norðan við það er hólfi 2 sem er 3 x 3 m að stærð. Árið 2003 voru hólfi 1 og 2 álitin eitt og sama hólfið en hér túlkuð í sitt hvoru lagi. Hólfi 3 er norðar og greinileg útihústóft, 7 m löng og 6 m breidd, snýr með op í austur. Grjóthleðslur sjást að innan og eru veggir veglegir, allt að 1 m á hæð. Innanmálið er um 3 x 2 m. Norðan við hólfið er mikið uppgróið hólfi 4, einnig opið í austur, 3 x 7 m að innanmáli frá austri til vesturs. Gróið er yfir grjóthleðslur. Nyrðri helmingur tóftarinnar er siginn og ógreinilegur. Hann líkist einna helst gróskumikilli þústi. Þó sjást tvö hólfi þar til viðbótar, það syðra (hólfi 5) snýr líkt og öll þau sem áður var lýst, austur-vestur með op í austur. Það er um 6 x 2 m að innanmáli en norðan við það og allra nyrst er mjög grunnt (0,3 m) hólfi 6 sem snýr norður-suður, um 6 x 4 m stórt að innanmáli og sjást ekki dyr á því, hugsanlega heygarður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:037** Sel heimild um sel

A384884 N608294

“Rústir af Seli voru utan við Hvammsgil. Hluti af þeim var úr grjóti og nefndur Byrgi. Með sjónum, utan við Selið, tekur við Forvaðahlíð, brött og stórgrýtt, en ágætt beitiland. Nær hún alla leið út að Kleifaró, sem er landamerki milli Kjósar og Kúvíkna,” segir í örnefnalýsingu. Hvammsgil er skammt utan eða austan við Beitarhúsagrund 015, um 2,6 km ANA af bæ 001. Í deiliskráningu 2020 fannst selið ekki og hið sama var uppi á teningnum við aðalskráningu 2003. Svæðið sem kemur til greina er um 2,6 km norðaustan við bæ 001 og 100 m norðaustan við beitarhúsatóft 015.

Á stóru svæði austan og vestan við Hvammsgil eru snarbrattar hlíðar næstum niður í sjó en einungis mjó undirlendisræma ofan við fjörुकambinn, mest um 20 m breidd.

Engar greinilegar tóftir eru sjáanlegar utan við Hvammsgil, nema naust 038. Þó er iðagrænt, lítið nes 50 m austan við Hvammsgil. Þar sjást engar tóftir en nesið sker sig úr sökum grænku. Svæðið er alls rúmlega 30 x 30 m stórt. Upp í það norðanvert gengur dálítill dæld frá sjó til suðurs, um 10 m löng og 5 m breidd, líklega náttúruleg. Mjög hæpið er að selrústir leynist ofar í hlíðinni, enda er hún snarbrött og nánast enginn gróður þar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 4

**ST-005:038** tóft naust

A385002 N608329

Greinileg tóft er í sunnanverðum Reykjarfirði, tæpa 3 km austan af bæ 001 og 230 m austur af Beitarhúsagrund 015.

Tóftin er við sjó, á mjórri undirlendisræmu en snarbrattar hlíðar eru upp af henni.

Tóftin er greinilega af nausti, byggð upp við iðagrænan og kúptan hól sem í eru klettur. Hún





Tóft ST-005:038, horft til norðurs.



Uppmæling af nausti ST-005:038. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

er austan við hólinn, einföld og aflöng, alls um 6 m löng en 1 m breið að innanmáli. Hlaðið er með austur- og suðurhlið en hóllinn skýlir að vestanverðu. Hleðslan, sem er algróin og sigin, er um 1,5 m breið en 0,4 m há. Leifar af timbri, líklega hvolftrjám, liggja þversum á tveimur stöðum inni í tóftinni. Lending virðist ágæt framan við tóftina, markast af lítilli klettasnös að vestanverðu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:039** garðlag túngarður

Leifar túngarðs sjást með sunnanverðu Kjósartúni, rúma 50 m suður af bæ 001. Túngarðurinn sést ekki á túnakorti frá 1917 og ljóst að túnið var minna en þegar hann var í notkun.

Þýft tún í órækt.

Garðurinn er siginn, mosagróinn og fremur ógreinilegur. Hann er 1 - 2 m á breidd og um 0,3 m á hæð. Túngarðurinn á upptök sín við útihúsarústir 036 og liggur þaðan í sveig til austurs, að Bæjargili. Alls er hann um 70 m langur. Um 30 m frá austurendanum hefur símastaur verið settur niður í garðinn. Ekki er ljóst hvernig afmörkun túnsins var við Leiti.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

A382512 N607307



Túngarður ST-005:039, horft til austurs.

**ST-005:040** Ból heimild um kvíar

“Austan við Stóruþúfur 011 var mýrlendur blettur, Veita. Ból stóð í túnjaðrinum. Þar voru kvíar,” segir í örnefnalýsingu. Ekki er hægt að sjá af lýsingunni hvar í túnjaðrinum Ból var. Þó bendir samhengi textans til að það hafi verið austan bæjar 001. Engar tóftir sjást þar sem tengja mætti við Ból og ekki reyndist unnt að staðsetja minjastaðinn með innan við 50 m skekkju.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:041** tóft útihús

A382360 N607233

Tóft er vestan undir Leiti, austan við Húsatún. Hún er um 190 m suðvestan við bæ 001 og 50 m austan við tóft 042.

Hún er á grösugum mel, niðurundan brekku og hallar landinu niður að Húsatúni og Kjósará. Tóftin skiptist í þrjú hól, er 10x8 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Opið er inn í hana til norðvesturs. Norðvesturhólfið (hólf 1) er um 5 x 1,5 m að stærð innanmáli en suðausturhólfið (hólf 2) er minna, um 1 x 2 m á stærð að innanmáli. Þverveggur liggur yfir tóftina sem hefur skipt henni í tvennt en á honum miðjum má greina op. Fast sunnan við tóftina er lítið hól (hólf

3), um 3,5 x 2 m að stærð, hugsanlega heytóft.  
**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Tóft ST-005:041, horft til austurs. Uppmæling sést á mynd á bls. 22.



Tóft ST-005:042, horft til vesturs. Uppmæling sést á mynd á bls. 22.

**ST-005:042** tóft útihús

A382300 N607227

Í austurjarði Húsatúns (sjá 005, 006, 016), er vallgróin tóft, um 240 m suðvestan við Kjósarbæ 001 og rúmum 30 m suðaustan við fjárhús 005. Tóftin er innan Húsatúns eins og það var afmarkað á túnakorti frá 1917. Tóftin er ekki þó ekki merkt inn á kortið og hefur annað hvort verið aflögð fyrir þann tíma eða hlaðin skömmu eftir að kortið var gert.


Tóftin er í óræktuðu túni. Neðan túnsins rennur Kjósará en ofan við er brekka, vesturhlíð Leitis. Vegarslóði frá þjóðvegi inn Kjósardal liggur um túnið 4-5 m austan við tóftina.

Tóftin er einföld, 8 x 4 m stór og býsna stæðileg. Hún snýr hér um bil austur-vestur með op nyrst á vesturlanghlið. Grjót sést ekki í hleðslum sem ná mest um 0,5 m hæð. Mikið af þúfum er innan veggja. Fast austan við tóftina er óljóst afmarkað svæði, um 8 x 8 m stórt, líklega húsgrunnur. Þar sem ummerkin eru óljós var svæðinu ekki gefið sérstakt númer. Uppmæling af tóftinni er á bls. 22.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:043** náma mógrafir

A382883 N607352



Mógrafir ST-005:043, horft til norðurs.

Óljóst mógrafasvæði er 400 m austan af bæ 001 og 60 m norðvestan við mógrafir 013 í flatlendi milli tveggja klettaása uppi á Kjósarhöfða.

Smágrýttur en gróinn mói, vaxinn grasi og mosa.

Svæðið er 10 x 40 m á stærð og snýr í norðvestur-suðaustur. Mýrin er mjög blaut og því erfitt að segja til um dýpt mógrafanna. Út frá þessu svæði liggur rás til norðvesturs niður aflíðandi brekku og rennur í aðra mýri sem gæti einnig hugsanlega verið mógrafir. Mýrin er mjög blaut og því erfitt að segja til um dýpt mógrafanna. Heildarstærð mógrafasvæðanna er 130x30 m.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:049** *Sjávargata* heimild um leið

A382519 N607425

“Sjávargata liggur rétt austan við Snoppuna [002], niður að Lendingu [003],” segir í örnefnalýsingu. Farið hefur verið frá bæ fáeina metra til austurs en síðan verið sveigt í norður austan við Snoppu. Þaðan var farið austan við tóft 035 niður að sjó.

Grasþýfi.



Ekki mótar lengur fyrir götunni.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 1

**ST-005:050** heimild um refagildru

A383829 N607556

“Rétt fyrir utan Djúpavíkurá er stórgrýtisurð sem fallið hefur úr fjallinu. Hún nefnist Urð. Þar var gömul refagildra úr steinum, en hún eyðilagðist í snjóflóði,” segir í örnefnalýsingu. Refagildran var um 1,2 km vestan við Kjósarbæ 001 og rúmum 40 m sunnan við Strandaveg 643.

Refagildran var rétt utan í fjallshlíð, á svæði sem er stórgrýtt og snarbrött urð. Gróður er nokkur, mosi að uppistöðu.

Engin ummerki um refagildru sjást á þessum slóðum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Ö-Kjós, 3

**ST-005:052** heimild um útihús

A382349 N607309

Samkvæmt túnakorti frá 1917 var útihús nyrst í Húsatúni, 50-60 m norður af tóft 005. Það var vestan við Leiti.

Strandavegur 643 er um 15 m norðar og rofið svæði er fast sunnan hans, þar sem útihúsið var. Engar leifar sjást af húsinu en Skúli Alexandersson, heimildamaður, man eftir útihúsi sem fór undir þjóðveginn eða var rífið við gerð hans. Útihúsið var rétt sunnan við veginn að öllum líkindum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Túnakort 1917

**ST-005:053** tóft stekkur

A383783 N607601

Tóft er á grónu svæði milli brattrar fjallshlíðar til austurs og grýttar farvegs Djúpuvíkurár til vesturs. Strandavegur 643 er fast austan og sunnan við tóftina, þar sem hann sveigir að brú yfir ána. Samkvæmt Sæmundi Pálssyni, heimildamanni, er þetta stekkur sem er getið í landamerkjabréfi milli bújarðarinnar Kjósar og útgerðarinnar í Djúpuvík árið 1916 eða þar um bil. Í bréfinu er talað um fornan stekk að hans sögn.

Stekkurinn er um 1,3 km austan við bæ 001 og 30 m austan við Síldarbræðsluna. Áletrun 054 er vestan í steininum.

Stekkurinn er fast norðan og austan við stóran, jarðfastan stein. Tóftin er 6 x 4 m að stærð, snýr austur-vestur og er einföld. Veggirnir sjást ekki að utan sem bendir til þess að tóftin sé niðurgrafin að hluta. Innan í tóftinni er algróinn kantur, 0,3 - 0,4 m á hæð og brattur. Ekkert op sést inn í stekkin en líklega var það til suðurs.



Stekkur ST-005:053, horft til austurs.



Uppmæling af stekk ST-005:053. ©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:054** áletrun landamerki

A383779 N607602



Áletrun ST-005:054, horft til austurs. Áletrunin er suðaustarlega á steininum.

Stekkur 053 er hlaðinn fast austan við stakstæðan stein, fast við veginn að Djúpuvík. Í sama klett að vestan er búið að klappa áletrunina EÓ. Þetta er einn af fjórum landamerkjasteinum (sjá 055, 056 og 057) sem tengdir eru útgerð Elíasar Stefánssonar sem hóf starfsemi árið 1917 undir nafninu HF. Eggerts Ólafssonar að sögn Sæmundar Pálssonar, heimildamanns. Útgerðin lagðist af árið 1919. Áletrunin er tæpum 70 m norðaustan við áletrun 055 og um 1,3 km vestan við bæ 001. Kjósarhöfði er á milli Djúpuvíkur og heimatúns Kjósar og ekki sést þar á milli.

Steinninn er á grónu svæði milli þjóðvegjar og bratrar fjallshlíðar til austur og grýttis farvegs Djúpuvíkurar til vesturs.

EO er klappað á vesturhlið steinsins. Stafirnir eru stórir, um 20 cm á hæð og greinilegir. Sjálfur

steinn er um 1,5 m á hæð og hliðin er nokkuð slétt þar sem stafirnir eru.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Magnús Magnússon, 31-37.

**ST-005:055** áletrun landamerki

A383721 N607566



Áletrun ST-005:055, horft til suðurs. Stafirnir eru vestarlega á steininum.

Í jarðlægum stein, nyrst á gróinni tungu, milli tveggja lækja er búið að klappa áletrunina EO. Þetta er einn af fjórum landamerkjasteinum (sjá 054, 056 og 057) tengdir útgerð Elíasar Stefánssonar sem hóf starfsemi árið 1917 undir nafninu HF. Eggerts Ólafssonar í Djúpuvík að sögn Sæmundar Pálssonar heimildamanns. Útgerðin lagðist af árið 1919. Áletrunin er tæpum 70 m suðvestan við áletrun 054 og um 1,3 km austan við bæ 001. Kjósarhöfði er á milli Djúpuvíkur og heimatúns Kjósar og ekki sést þar á milli. Malarvegur er 2-3 m vestan við steinninn.

Áletrunin er á jarðlægum stein, lækur er fast vestar og bratt til allra átta.

Áletrunin er á vesturhlið steinsins, þá einu sem sést á yfirborði. EO er klappað þar líkt og á

hinum steinum. Stafirnir eru stórir, um 20 cm á hæð en mosi er yfir O-inu að hluta. Sjálfur steinn er um 1,5 m á hæð og hliðin er nokkuð slétt þar sem stafirnir eru.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Magnús Magnússon, 31-37.

**ST-005:056** áletrun landamerki

A383658 N607510

Í lágan, flatan stein fast austan við læk er búið að klappa áletrunina EO. Þetta er einn af fjórum landamerkjasteinum (sjá 054, 055 og 057) tengdir útgerð Elíasar Stefánssonar sem hóf starfsemi árið 1917 undir nafninu HF. Eggerts Ólafssonar í Djúpuvík. Útgerðin lagðist af árið 1919. Áletrunin er tæpum 90 m suðvestan við áletrun 055 og um 1,1 km austan við bæ 001. Kjósarhöfði



Áletrun ST-005:056 er ofan á steininum.



er á milli Djúpuvíkur og heimatúns Kjósar og ekki sést þar á milli. Malarvegur er 2-3 m vestan við steininn.

Áletrunin er ofan á lágum stein, lækur er fast vestar og stórgrýtt. Malarvegur er fast vestan við steininn en lækurinn er á milli.

Ofan á steininum eru stafirnir EO. Steinninn er um 3 m langur, 0,8 m á hæð og lækkar ofan í lækinn. Áletrunin er ofarlega, til suðausturs á steininum.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Magnús Magnússon, 31-37.

**ST-005:057** áletrun landamerki

A383638 N607579

Tæpum 70 m norðan við áletrun 056 og tæpum 1,2 km austan við bæ 001 er klöppuð áletrun í lítinn, þríhyrndan stein. Þetta er einn af fjórum landamerkjasteinum (sjá 054, 055 og 056) tengdir útgerð Elíasar Stefánssonar sem hóf störf árið 1917 undir nafninu HF. Eggerts Ólafssonar í Djúpuvík að sögn Sæmundar Pálssonar, heimildamanns. Útgerðin lagðist af árið 1919. Kjósarhöfði er á milli Djúpuvíkur og heimatúns Kjósar og ekki sést þar á milli.

Steinninn er á holtsbrún, sunnan við byggðina í Djúpuvík. Byggingar tengdar síldarbræðslunni eru 20 m norðar, undir brúninni.

Steinninn er lágrestur og jarðlægur. Hann er hæstur til norðausturs og þar eru stafirnir EO.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** Magnús Magnússon, 31-37.



Áletrun ST-005:057, horft til norðvesturs. Stafirnir eru neðarlega á steininum.

**ST-005:058** garðlag varnargarður

A383688 N607526

Fast vestan við læk sem sameinast Djúpuvíkurá skammt norðar, er grjóthlaðið garðlag. Þetta er að öllum líkindum varnar- eða landamerkjagarður en við stofnun útgerðar HF. Eggerts Ólafssonar um 1916 var áin færð nær fjallinu. Garðlagið gæti verið hluti af þeirri framkvæmd að sögn Sæmundar Pálssonar, heimildamanns. Garðurinn liggur til norðausturs frá áletrun 056 og fjarar út fljótlega í farvegi lækjarins.

Garðlagið er á grónu svæði milli malarvegar til vesturs og lækjar til austurs. Farvegur lækjarins er ekki djúpur en grýttur.

Garðlagið er tæplega 40 m langt og liggur norðaustur-suðvestur, vestan við lækinn. Það er grjóthlaðið, 1 - 1,3 m á hæð og 4 - 8 umför af grjóti eru greinileg. Garðlagið er 1-3 m á breidd og víða er rof.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Varnargarður ST-005:058, horft til norðurs.

**ST-005:059** tóft útihús

A382507 N607265

Tóft er um 30 m suðaustan við tóft 066 og rúmum 100 m sunnan við bæ 001. Tóftin er ekki innan heimatúnsins líkt og það er afmarkað árið 1917 né innan túngarðs 039. Staðsetning og lag tóftarinnar bendir til þess að um útihús sé að ræða engu að síður. Tóftin er fast norðan við brekku sem hallar til norðurs, niður svokallað Leiti, í hvammi sunnan heimatúnsins.

Fyrir norðan tóftina er gróið tún og deiglendi. Til suðurs er brött brekka upp á Leiti.

Tóftin er 6 x 4,5 m að stærð, er einföld og snýr norðaustur-suðvestur. Veggirnir eru 0,3 - 0,5 m á hæð og hlaðnir úr torfi og grjóti. Tóftin opnast til norðurs, í átt að bænum. Að sunnan er hún

grafin lítilliga inn í brekkuna. Tvær dældir eru við tóftina, þær eru 0,5 m á dýpt en of litlar til að vera heystæði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Tóft ST-005:059, horft til vesturs. Uppmælingu af tóftinni má sjá á bls. 28.



Varða ST-005:060, horft til norðurs.

**ST-005:060** varða samgöngubót

A385534 N608669

Sæmilega hlaðin varða er rétt vestan við Kleifarás, um 3,3 km ANA við Kjósarbæ 001 og tæpum 260 m norðan við Strandaveg 643. Varðan er á bjargbrún við Forvaðarhlið og þaðan er víðsýnt út í Reykjarfjörð.


Mosaþemba er umhverfis vörðuna en þar glittir þó í bert grjót og mól á sumum stöðum. Grösugt deiglendi er til suðurs.

Varðan er 0,6 m á hæð og um 1 m á hvorn veg. Hún er hlaðin úr blöndu af smágrýti, stæðilegu hleðslugrjóti og flötu grágrýti og í henni sjást 2-3 umför. Lítillega hefur hrunið úr vörðunni til norðurs og vesturs. Grjótið yst í vörðunni er stærra en í kjarna hennar; þar er smágrýti áberandi. Ekki er ljóst um hlutverk vörðunnar en staðsetning bendir til þess að hún hafi verið byggð fyrir sjófarendur, annað hvort sem mið til þess að finna fiskimið eða fyrir siglingu að landi.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:061\_01** tóft óþekkt

A382409 N607373



Uppmæling af minjum ST-005:061 sést austarlega á myndinni.

©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands.

Einföld tóft og garðlag 061\_02 eru um 70 m vestan við Kjósarbæ 001 og rúmum 50 m austan við túngarð 010. Tóftin og garðlagið eru á svæði sem er 20 x 15 m að stærð og snýr VNV-ASA. Tóft 01 er á norðurhluta svæðisins og garðlag 02 liggur umhverfis hana. Tóftin og garðlagið eru neðarlega í grónni brekku. Víða sér þó í grjót sem stendur upp úr grasinu.

Tóftin er einföld, 4,5 x 2,5 m að stærð og snýr ANA-VSV. Veggir eru grjóthlaðnir en tóftin er á kafi í grasi og ekki hægt að sjá umför, þó á stöku stöðum sjáist grjót í hleðslum. Veggir eru 0,3 - 0,5 m á hæð, veglegastir til norðurs. Op er sunnarlega, á suðvesturhlið. Ekki er ljóst hvert hlutverk tóftarinnar er; líklega



einhvers konar aðhald fyrir skepnur eða tengt sjósókn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:061\_02** garðlag varnargarður  
Garðlag er umhverfis tóft 061\_01. Það sést greinilega norðan og sunnan við tóftina en veggir eru útlattir til austurs. Mögulega hefur garðlagið náð lengra til vesturs en þar liggur Strandavegur 643 og engin merki garðlags sjást þar. Garðlagið afmarkar svæði sem er 15 x 12 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Garðurinn er torf- og grjóthlaðinn en vegna gróðurs var ekki hægt að telja umför þótt víða glitti í veglegt grjót í hleðslum. Veggir eru 0,3-0,5 m á hæð, hæstir til norðurs.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

A382403 N607364



Minjar ST-005:061, horft til norðurs.

**ST-005:062** varða óþekkt

Stæðileg varða er rétt sunnan við Bæjargil, um 270 m suðaustan við Kjósarbæ 001 og rúmum 120 m suðvestan við mógrafir 013. Varðan er í sjónlínu við vörðu 063 og hefur hugsanlega varðað leið ST-611:003 eða notuð sem mið við landingu.

Varðan er ofarlega á mosagrónum ási en umhverfis er grösugt deiglendi.

Varðan er 2 x 1,5 m að stærð og snýr nálega austur-vestur. Hún er 0,8 m á hæð og hlaðin úr blöndu af smágrýti og stæðilegu hleðslugrjóti. Unnt er að sjá 5-6 umför. Grjótið er stæðilegast á neðri hluta vörðunnar en er minna á efri hluta hennar.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

A382663 N607179



Varða ST-005:062, horft til NNA.

**ST-005:063** varða óþekkt

Nær hrunin varða er rétt sunnan við Gilholt, um 170 m suðaustan við Kjósarbæ 001 og tæpum 90 norðaustan við Kindavað 033. Varðan er í línu við vörðu 062 og hefur hugsanlega varðað leið ST-611:003 eða notuð sem mið við landingu.

Varðan er ofarlega á mosagrónu holti. Til vesturs og suðurs er Bæjargil en til austurs er grösugt deiglendi.

Varðan er 1 m á hvorn veg. Hún er 0,2 m á hæð og hlaðin úr 4 - 6 steinum. Grjót dreif sést í kringum vörðuna sem líklega hefur tilheyrt henni áður.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

A382627 N607274



Varða ST-005:063, horft til NNA.



**ST-005:064** varða óþekkt

A382461 N607142

Vörðubrot er uppi á Leiti, norðan við Lómatjörn. Varðan er rúmum 230 m sunnan við bæ 001, ofan (sunnan) við heimatúnið. Hún er um 15 m utan við áhrifasvæði vegarins.

Varðan er uppi á holti, melur og mosi er áberandi þar auk steina. Til suðurs er bratt niður frá vörðunni.

Varðan er lítil, þar sjást tveir steinar ofan á klöpp. Hún er 0,5 x 0,5 m að grunnfleti og 0,2 m á hæð.

**Hættumat:** hætta, vegna vegagerðar



Varða ST-005:064, horft til norðurs.



Túngarður ST-005:065, horft til austurs.

**ST-005:065** garðlag túngarður

A382568 N607399

Fyrir norðan heimatúnið er grjóthlaðinn túngarður, 4 - 7 m sunnan við Strandaveg 643. Túngarðurinn er ekki sýndur á túnakorti frá 1917 og sé tekið mið af staðsetningunni gæti einnig verið um sjóvarnargarð að ræða.

Strandavegur er norðan við túngarðinn en þýft deiglendi til suðurs. Vegslóði að bænum liggur yfir miðjan túngarðinn, skammt vestan við Bæjarlækinn.

Garðurinn er um 90 m langur og 4 m breiður. Hann liggur til vesturs frá læk austan við heimatúnið og sveigir til norðurs þar sem leið 049 lá. Túngarðurinn sést sem gróinn hryggur í túninu, 0,2 - 0,3 m á hæð. Hér og þar glittir í grjót. Næst læknum sést eitt umfar af grjóti í túngarðinum, hann mjókkar og þar er greinilegt op. Frá opinu sést hlaðinn kantur sunnan við lækinn.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:066** tóft útihús

A382486 N607295



Tóft ST-005:066, horft til norðurs. Uppmælingu af tóftinni má sjá á bls. 28.

Lítill tóft er 20 m suðaustan við útihús 036 og um 70 m sunnan við bæ 001. Tóftin er utan við heimatúnið, bæði eins og það er afmarkað á túnakorti frá 1917 og túngarð 039. Staðsetningin bendir engu að síður til þess að um útihús sé að ræða vegna nálægðar við bæinn.

Raflína er rétt norðan við tóftina. Allt umhverfis er gras og mögulega búið að handslétta túnið. Tóftin er í gróinni brekku og yngri hleðsla vegna girðingar liggur eftir norðurveggnum.

Tóftin er 3,5 x 2 m að stærð, er einföld og og snýr norður-suður. Ekkert op sést inn í tóftina sem er grafin inn í brekku til norðurs. Tóftinni hallar eilítið til suðvesturs, niður brekku. Veggirnir eru 0,1 - 0,5 m á hæð og það glittir í 2 umför af grjóti í þeim, nedarlega að sunnan.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:067** brunnur brunnur

A382496 N607352

Brunnur er um 25 m sunnan við bæ 001 og 15 m norðaustan við útihús 036, í miðju heimatúninu. Fast suðvestan við brunninn er vegslóði að bænum.

Gróið tún.

Brunnurinn er 1 m í þvermál og 0,6 m á dýpt. Líklega er búið að fylla upp í hann en neðst sjást tvö umför af hellugrjóti. Ekki má greina brunnhús á yfirborði.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar



Brunnur ST-005:067, horft til suðurs.

**ST-005:068** mannvirki

A383716 N607553

Innan úttektarsvæðis árið 2020, við þorpið Djúpuvík, eru fjölmörg mannvirki tengd útgerð og síldarvinnslu. Ekki hefur verið fjallað skipulega um minjar þeim tengdar og ógerlegt er að fara yfir þá sögu í þessu verkefni en einhverjar teljast nú þegar til fornleifa. Þrjú mannvirki tengd útgerð og búsetu í Djúpuvík eru utan við þorpið og af þeim sökum eru þau talin til fornleifa hér enda innan úttektarsvæðis. Ekki er vitað hversu gömul þau eru.

Sunnar á sömu tungu og áletrun 055 var þvottahús tengt útgerðinni að sögn Sæmundar Pálssonar, heimildamanns. Það fær númerið 01 í þessari lýsingu. Grunnur þess sést enn, hann er 3,5 x 3,5 m að stærð, steypdur og snýr NNA-SSV. Hann er á klettatungu milli tveggja lækja. Vatnsból einhverra húsa (005:068\_02) í Djúpuvík er um 30 m suðaustar, í læk uppi í fjallshlíðinni. Það er enn í notkun. Steypdur kassi eða þró er í læknum og lélegt lok yfir að hluta. Húsgrunnur (005:068\_03) er tæpum 180 m suðvestan við vatnsbólið. Hann er á grónu svæði, austan við vegslóða. Grunnurinn er steypdur, 15 x 5,5 m að stærð og snýr norðaustur-suðvestur. Ekki er vitað hvaða hús var hér.

**Hættumat:** stórhætta, vegna ábúðar



Grunnur þvottahúss ST-005:068\_1, horft til suðvesturs.



Uppmæling af tóft ST-005:069. Lýsing minjanna er á bls. 38.



Tóft ST-005:069, horft til suðurs.



**ST-005:069** tóft óþekkt

A382577 N607354

Tóft er 80 m austan við bæ 001 og 5 m austan við bæjarlækinn. Tóftin er hlaðin norðan og vestan við grasbakka.

Grasgróið og þýft en upp úr grasinu má sjá einn og einn stein.

Tóftin er einföld, snýr nálega norður-suður og er hlaðin út torfi og grjóti. Tóftin er 3,5 x 3,5 m stór og opin til norðurs. Tóftin er grasgróin, sigin og ytri brúnir til suðurs og austurs eru óskýrar. Austurveggur er nærri útflattur, um 1,7 m á breidd og um 0,2 m á hæð. Hæð veggja að innanmáli er um 0,2 - 0,4 m hæstir að vestanverðu.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**ST-005:070** náma mógrafir

A383184 N607550



Mógrafir ST-005:070, horft til austurs.

Mógrafir eru í flatlendi uppi á Kjósarhöfða, sunnan við lágan klettaás. Þær eru um 720 m norðaustan frá bæ 001 og 400 m vestan við þorpið Í Djúpuvík.

Smágrýttur en gróinn mói, vaxinn grasi og mosa. Mógrafirnar eru á svæði sem er 30 x 20 m á stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Mógrafirnar eru um 10 talsins, en í þeim var vatn og því erfitt að segja til um hversu djúpar þær væru.

**Hættumat:** stórhætta, vegna framkvæmda

**ST-611** Fornleifar á fleiri en einni jörð í Árneshreppi**ST-611:001** vegur leið

A387176 N606286

Leið lá meðfram ströndinni á milli bæjanna í hreppnum s.s. Kúvíkur, Kambs, Veidileysu. Hún er sýnd á herforingjaráðskorti 32 NV frá 1915. Þetta var afar torfær leið eins og frá greinir í Sýslu- og sóknalýsingu Strandasýslu 1852: „Þegar Trékyllisheiði er ekki fær á vetrum vegna snjóa og ófærða, liggur annar vegur suður með sjó, suður úr sókninni, og er þá farið frá verzlunarstaðnum ofan í Veidileysufjarðarbotn, og austur með sama firði og svo til suðurs fyrir austan Birgisvíkur- og Kolbeinsvíkurfjall með bæjum. Þessi vegur er illur yfirferðar, og margar torfætur á hönum, mest klettur og klungur.“ Ennfremur segir í sömu heimild: „Með Veidileysufirði sunnanverðum milli Veidileysu og Birgisvíkur er svo vondur vegur, þó farið sé með sjó, að ekki er fært að fara hann á sumrum nema með vana hesta. Á þeim vegi eru nærri ófær klettaklif og hættuleg mjög.“ „Að ofanverðu liggur Efra Móholt að Huldu. Hulda er smáhvammur, sem sést inn frá bænum, og ekki líklegt að skepnur leyndust þar. Fram og upp af Efra-Móholti er nafnlaust svæði, að mestu gróið, smáhvammar og holt, upp að Veidileysuhálsi. Hann liggur milli Illviðrishnúks og Vegaskarðs, sem var alfaraleið áður fyrr,“ segir í örnefnalýsingu Veidileysu. Leiðin var skráð á Veidileysuhálsi árið 2020 innan deiliskráningarsvæðis við Strandaveg. Leiðin er greinileg um 1 km vestan við bæ 001 og rúmum 360 m norðaustan við mógrafir 008 en var ekki rakin að öðru leyti. Varða ST-003:061 hefur varðað leiðina.

Nedst, nálægt fjarðarbotni eru holt með mýrarsundum en síðan taka við hrjóstrugar fjallshlíðar. Til vesturs var reiðvegur lagður upp hlíðina frá Veidileysu, í átt að Vegaskarði. Ekki er ljóst hvenær ráðist var í vegagerðina en líklega hefur það verið á fyrri hluta 20. aldar. Vegurinn lá í hlykkjum til norðvesturs eða norðurs upp fjallið. Nedsti hluti hans var rakin á vettvangi árið 2003 en árið 2020 var vegurinn skoðaður á loftmynd þar sem hann sést mjög vel. Innan úttektarsvæðisins sést vegurinn á um 490 m löngum kafla. Hann liggur lengra í báðar áttir (norður og suður) út fyrir áhrifasvæði framkvæmda 2020. Á þeim hluta sem vegurinn var skoðaður á vettvangi sést hann rúma 400 m vestur af bæ 001. Þar liggur hann á norðurbakka



lækjar og stefnir í norðvestur, upp hlíðina Brú hefur verið hlaðin yfir lækinn allra syðst, um 3 m breið og 2 m löng. Annars er vegurinn hvergi upphlaðinn heldur einungis ruddur slóði, um 2 m breiður og sést á a.m.k. 100 m löngum kafla neðst í hlíðinni en virðist fjara út þegar ofar dregur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** SS II, 233-234; Hkort 32 NV Árnes-Kúvíkur 1915 1:50000; Ö-Veiðileysa, 3-4

**ST-611:002** gata leið

A386761 N607551

Í Sýslu- og sóknalýsingum Strandasýslu 1853 segir frá leið yfir Trékyllisheiði: „Yfir Trékyllisheiði, að norðanverðu, liggja tveir alfaravegir. Annar liggur upp frá verzlunarstaðnum, vestan til við Háafell suður yfir heiðina, og munsá fjallvegur vera fullkomnar 3 mílur. Þegar suður af heiðinni dregur, kemur maður ofan að Bólstað í Selárdal, og stendur Bólstaður rétt undir heiðinni að sunnanverðu.“ Gata er merkt inn á herforingjaráðskort 32 frá árinu 1915 og er um sömu leið að ræða. Gatan lá frá Kúvíkum (ST-004:086) og til suðvesturs. Gatan sameinast annarri götu ST-611:003 á Trékyllisheiði (sem liggur suðurs frá Djúpárvík) og liggur þaðan lengra til suðvesturs. Leiðin var upphaflega skráð í aðalskráningu fornminja í Árneshreppi 2004 og þá undir númerinu ST-004:038 en engin lýsing var gerð. Hluti af þessari gömlu götu var kannaður sumarið 2020 í landi Kambs (ST-004) vegna fyrirhugaðra vegaframkvæmda við Strandaveg 643.



Leið ST-611:002, horft til ANA.

Í landi Kambs þræðir gatan deiglendi og mosagróna ása.

Ummerki um götuna sjást enn í landi Kambs, ST-004, rétt vestan við Strandaveg 643. Innan marka rannsóknarsvæðis var götunni fylgt á um 150 m löngum kafla en leiðin nær lengra til vesturs, utan rannsóknarsvæðis. Á leiðinni sést ógróin gata, 0,3-0,5 m breidd og 0,2 m djúp, botn götunnar er grýttur.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** SS II, 232-233; Hkort 32 NV Árnes - Kúvíkur 1915

**ST-611:003** gata leið

A 383522 N 607365

Í Sýslu- og sóknalýsingum Strandasýslu 1852 segir frá leið yfir Trékyllisheiði: „Annar vegurinn liggur í suður, upp frá Kjós upp á heiðina og koma vegir þessir saman við Goddalaá, hér um bil á miðri heiðinni. Hinn fyrrnefnda veg fara allir, sem ferðast til verzlunarstaðarins.“ Ennfremur segir: „Á Trékyllisheiði eru alls staðar vörður nálægt veginum, og yfir höfuð er vegurinn yfir hana sæmilega greiðfær yfirferðar, og nokkurnveginn ruddur, eftir því sem að föng eru á, og engar sérlegar torfærur eru á honum. Ekki er sæluhús á heiðinni og hvergi nýtanlegur áfangastaður.“ „Fyrir ofan [Neðri Brúnir] eru klettabelti, sem nefnast Hærri Brúnir. Þær ná næstum frá Hvammsgili nokkuð vestur fyrir Bæjargil. Eftir þeim lá gamall reidvegur, notaður þegar farið var yfir Trékyllisheiði, niður að Kúvíkum,“ segir í örnefnalýsingu Kjósar. Væntanlega hefur leiðin þá legið frá innanverðum Steingrímsfirði. Hærri Brúnir eru áberandi stallur utan í fjallinu suður og austur af bæ. Í örnefnalýsingu Kjósar segir ennfremur frá Hestakleif, innst í Kjósardal: „Menn, sem ætluðu yfir Trékyllisheiði úr Reykjarfirði, stytta sér stundum leið með því að fara upp kleifina.“ Leiðin var skoðuð í landi Kjósar árið 2020, innan áhrifasvæðis vegna fyrirhugaðrar vegagerðar. Þar sést malarvegur sem liggur að svokallaðri Lyngflöt og upp á Kjósarhjalla. Leiðin var ekki rakin utan deiliskráningarsvæðis.

**Hættumat:** stórhætta, vegna vegagerðar

**Heimildir:** SS II, 232-233; Ö-Kjós, 3, 8

## 5. Niðurstöður og samantekt

Stór hluti úttektarsvæðisins sem rannsakað var sumarið 2020 er við strandlengjuna en landslag og landshættir innan þess eru þó fjölbreytilegir. Landslag einkennist af bröttum fjöllum sem ná í sjó fram og láglendum víkum. Í gegnum aldirnar þróaðist byggð í hreppnum helst á láglendinu, meðfram ströndinni. Túnin í Árneshreppi eru því nærri sjó og fremur lítil og því ljóst að bændur hafa þurft að reiða sig á önnur



Úttektarsvæðið einkennist af bröttum fjallshlíðum og láglendum víkum. Á myndinni sést hluti þess, í landi Kjósar og horft er til suðvesturs. Úrgerðin í Djúpuvík byggðist upp við láglenda vík en til austurs er snarbrött fjallshlíð.

aðföng til að hafa ofan í sig og á.<sup>2</sup> Fiskveiðar hafa því skipt miklu máli frá öndverðu og landgæði ekki eingöngu mótuð af möguleikum til búskapar heldur einnig nálægð við fiskimið. Hæst metnu jarðirnar á svæðinu eru því ekki endilega þar sem undirlendi er mest heldur þær sem eru yst á skögum og um leið nær gjöfulum fiskimiðum.<sup>3</sup>

Lögbýlin þrjú sem úttektarsvæðið liggur í gegnum eiga sér langa sögu.

Getið er um jörðina Veidileysu í Landámu en samkvæmt henni nam Eiríkur snara land frá Ingólfsfirði að Veidileysu.<sup>4</sup> Jörðin var metin á átta hundruð í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns árið 1706, sem verður að teljast fremur lágt mat og bendir til að jörðin hafi þótt lítil og fátæk.<sup>5</sup> Búið var á jörðinni allt til ársins 1961 er hún fer í eyði. Jarðarinnar Kambs er fyrst getið í máldaga Reykholtskirkju árið 1224 og hún kemur jafnframt fyrir í Grettissögu.<sup>6</sup> Árið 1706 er jörðin metin 24 hundruð að dýrleika og er þar getið um tvær hjáleigur sem báðar voru í eyði. Kambur var ein af betri jörðum í Árneshreppi enn fer í eyði árið 1954.<sup>7</sup> Vísbendingar benda til þess að Kjós hafi ekki orðið sjálfstæð jörð fyrr en seint, hennar er ekki getið í heimildum fyrr en 1460.<sup>8</sup> Fram að því var hún líklega hluti af Reykjarfjarðarjörðinni. Árið 1706 var jörðin Kjós talin átta hundruð sem bendir til að landkostir þar hafi verið taldir slakir

2 Ragnar Edvardsson, 10

3 Birna Lárusdóttir o.fl., 7

4 Íslensk fornrit I, 116

5 JÁM VII, 349

6 Íslensk fornrit VII, 116; DI I; 476

7 JÁM VII, 348; Haukur Jóhannesson, 46

8 DI V, 216; Birna Lárusdóttir o.fl, 14

og túnstæði lítið.<sup>9</sup> Búið var á jörðinni til 1956 þegar hún fer í eyði.

Árið 1917 var reist síldarsöltunarstöð í Djúpuvík, í landi Kjósar en hún varð skammlíf og leið undir lok 1920. Árið 1934 hófst síldarsöltun hins vegar aftur í Djúpuvík og var rekin starfsemi henni tengd á svæðinu allt fram til ársins 1952 þegar verksmiðjunni lokað.<sup>10</sup> Enn standa miklar byggingar í Djúpuvík frá seinna skeiði síldarsöltunar en minjar í þorpinu hafa ekki verið skoðaðar með markvissum hætti og ekki vitað hvaða minjar gætu talist til fornleifa (þ.e. eru 100 ára eða eldri) á svæðinu utan við skráningarsvæðið.

Samtals voru skráðar 72 fornleifar á 67 minjastöðum innan úttektarsvæðisins (tafla 1). Af þeim voru 26 staðir nýskráðir en aðrar minjar höfðu áður verið skráðar við aðalskráningu árið 2003. Að frátöldum tveimur minjum voru allar minjarnar sem skráðar voru skilgreindar í stórhættu vegna vegaframkvæmda. Varða ST-005:064 er rétt utan úttektarsvæðis og því aðeins skráð í hættu vegna framkvæmdanna sem ná innan helgunarsvæði hennar (sem er 15 m radíus frá ystu sýnilegu mörkum). Veita ST-005:007 er horfin og var því staðurinn ekki metinn í stórhættu en örnefnið er innan heimatúnsins í Kjós. Rétt er að taka fram að þegar hættumat er gert er metið hvort að einhver hætta gæti mögulega steðjað að fornleifum á framkvæmdatíma verði ekkert að gert. Yfirleitt er þó ekki talið fullvíst að staðurinn verði fyrir raski, enda tilgangur hættumats fremur ætlað að beina kastljósinu að því að umræddur minjastaður gæti lent í hættu vegna framkvæmdanna. Almennt má segja að á framkvæmdasvæði vegaframkvæmda gildi sú regla að þeim mun nær miðlínu sem fornleif er, þeim mun meiri líkur eru á að hún kunni að vera fyrir raski vegna framkvæmda. Hér neðar er samantekt um minjar sem fundust innan svæðis (sjá töflu 1).

Samtala	Minja-einingar	Tegund	Hlutverk	Sérheiti	Fjarlægð frá miðlínu (m) úttektarsvæðis
ST-003:009	1	vegur	leið	Vegaskarð	58
ST-003:022	1	þjóðsaga	legstaður		150
ST-003:023	1	heimild	lending	Lending	170
ST-003:024	5	tóftir	sjóbúðir	Hjallagrund	169
ST-003:035	1	varða	samgöngubót	Kaupstaðar-varða	68
ST-003:057	1	varða	samgöngubót		94
ST-003:058	1	varða	óþekkt		31
ST-003:059	1	varða	samgöngubót		68
ST-003:056	1	varða	samgöngubót		133
ST-004:018	1	tóft	nátthagi		27
ST-004:038	1	gata	leið		0
ST-004:088	1	náma	mógrafir		0
ST-005:001	2	bæjarhóll	bústaður	Kjós	71
ST-005:002	1	öskuhaugur			100
ST-005:003	1	heimild	lending	Lending	141

<sup>9</sup> Ragnar Edvardsson, 109; JAM VII, 349

<sup>10</sup> Haukur Jóhannesson; 55



ST-005:004	1	örnefni	fjós	Fjósflöt	35
ST-005:005	1	tóft	fjánhús	Húsatún	36
ST-005:006	1	tóft	útihús		106
ST-005:007	1	örnefni	áveita	Veita	90
ST-005:008	1	tóft	kvíar		90
ST-005:009	1	tóft	skotbyrgi		94
ST-005:010	1	garðlag	túngarður		39
ST-005:011	1	bæjarstæði	býli	Stóruþúfur	82
ST-005:013	1	náma	mógrafir	Höfðaflói	70
ST-005:015	1	tóft	beitarhús	Beitarhúsa- grund	21
ST-005:016	1	garðlag	túngarður		33
ST-005:020	1	heimild	lending		136
ST-005:021	1	heimild	kvíar		49
ST-005:022	1	náttúrumin	huldufólks	Klömp	140
ST-005:028	1	heimild	vað		0
ST-005:033	1	heimild	vað	Kindavað	75
ST-005:034	1	heimild	vað		125
ST-005:035	1	tóft	naust		113
ST-005:036	1	tóft	útihús		5
ST-005:037	1	heimild	sel		33
ST-005:038	1	tóft	naust		40
ST-005:039	1	garðlag	túngarður		9
ST-005:040	1	heimild	kvíar	Ból	á ekki við
ST-005:041	1	tóft	útihús		87
ST-005:042	1	tóft	útihús		90
ST-005:049	1	heimild	leið	Sjávangata	128
ST-005:050	1	heimild	refagildra		60
ST-005:052	1	heimild	útihús		17
ST-005:053	1	tóft	stekkur		2
ST-005:054	1	áletrun	landamerki		2
ST-005:055	1	áletrun	landamerki		3
ST-005:056	1	áletrun	landamerki		10
ST-005:057	1	áletrun	landamerki		69
ST-005:058	1	garðlag	áletrun		0
ST-005:059	1	tóft	útihús		35
ST-005:060	1	varða	samgöngubót		15
ST-005:061	2	tóft	óþekkt		45
ST-005:062	1	varða	samgöngubót		101
ST-005:063	1	varða	samgöngubót		0
ST-005:064	1	varða	óþekkt		166
ST-005:065	1	garðlag	túngarður		112
ST-005:066	1	tóft	útihús		8
ST-005:067	1	brunnur	brunnur		4
ST-005:068	1	mannvirki	útgerðarminjar		73
ST-005:069	1	tóft	óþekkt		75

ST-005:070	1	náma	mógrafir		125
ST-005:043	1	náma	mógrafir		1
ST-611:001	1	heimild	leið		0
ST-611:002	1	gata	leið		0
ST-611:003	1	gata	leið		95

Tafla 1. Minjar innan úttektarsvæðis.

### Minjar tengdar landbúnaði

Samtals voru skráðir 27 minjastaðir innan úttektarsvæðis sem kalla má landbúnaðarminjar. Þeir eru allir í landi Kjósar fyrir utan nátthaga ST-004:018 sem er innan landamerkja Kambs. Nátthaginn er í lítilli, skjólgóðri vík við sjávarsíðuna og hlaðinn upp við áberandi kletta. Allir hinir staðirnir reyndust í landi Kjósar og flestir þeirra voru innan heimatúns. Einungis þrjár minjastaðir tengdir landbúnaði reyndust fjarri heimatúni Kjósar. Stekkur ST-005:053 er við Djúpavíkurá, fast við núverandi þjóðveg, skammt frá síldarbræðslunni. Beitarhúsagrund ST-005:015 og Sel ST-005:037 voru við Hvammsgil, utar í firðinum. Beitarhúsin sjást vel skammt frá sjó en selið er horfið. Ekki er ljóst hverju þetta sætir en undirlendi er af skornum skammti á þessu svæði og lítið sem ekkert jarðrask.

Kjós fór í eyði árið 1946 og engar byggingar eru uppistandandi þar lengur. Heimatúnið er lítið raskað, fyrir utan vegagerð nærri sjó. Túnakort frá 1917 er til af heimatúninu en það skiptist í tvo stakstæða hluta, annars vegar túnið við bæinn, sem er líklega elsti hluti túnanna, og hins vegar s.k. Húsatún vestan við Leiti. Á túnakortinu eru merkt bæði útihús og bærinn sjálfur og gefur það því góða hugmynd um mannvirki í heimatúninu í upphafi 20. aldar en vert er þó að minna á að kortið sýnir aðeins hús sem voru í notkun á þeim tíma sem það var gert og eldri leifar gætu því leynst víða undir sverði.

Innan þess hluta heimatúnsins, sem er austan við Leiti, sjást síðustu bæjarhúsin ST-005:001 á lágum hól en lítil uppsöfnun mannvistarlagar er greinileg á yfirborði. Sagnir geta þess að bærinn hafi áður staðið á svokölluðum Stórupúfum ST-005:011 sem virðist ekki ósennilegt. Þar er fagurgrænn hóll og lögun hans bendir til þess að uppsöfnuð mannvistarlög sé þar að finna. Brunnur ST-005:067 er skammt frá bænum en búið er að fylla upp í hann að mestu. Heimildir geta þess að rusli hafi verið hent fram af kletti norðan við bæinn og ekki útilokað að ummerki öskuhaugs ST-005:002 séu þar undir sverði þrátt fyrir að ekkert sjáist á yfirborði. Túngarður ST-005:039 er sunnan við túnið og virðist hann marka af nokkuð stærra tún en það sem er sýnt á túnakorti frá 1917.<sup>11</sup> Hann er fornlegur á að líta sem bendir til þess að túnið hafi

<sup>11</sup> Ekki er ljóst hvað notað var til að marka af heimatúnið árið 1917 en samkvæmt merkingum á túnakorti var það að hluta girt með gaddavírgirðingu.

verið minnkað á einhverjum tímamarki, mögulega með tilkomu Húsatúns, vestan við ásinn. Það eru þó getgátur en skiptingin gæti allt eins verið tilkomin frá þeim tíma að tvíbýli var á jörðinni. Fyrir norðan túnið var skráð garðlag ST-005:065 sem gæti hugsanlega verið túngarður en þó allt eins sjóvarnargarður. Milli túngarðanna voru þrjú útihús en ekkert þeirra er merkt inn á túnakort frá 1917. Fjós ST-005:004 er horfið en örnefnið Fjósaföt ber því vitni. Í norðvesturhorni túnsins voru kvíar ST-005:008, fast suðvestan við núverandi veg. Ummerki um kvíarnar fundust á milli kletta, þar eru hleðslur og má greina óljóst hólf. Tóft ST-005:036 er sunnan við bæinn og er í raun nokkur sambyggð útihús. Svona samstæður eru víðar í hreppnum og önnur sambærileg hús voru t.d. skráð í Kjósarlandi innan úttekarsvæðis, sjá tóft ST-005:005 í Húsatúni. Utan við túngarðana eru þrjár tóftir sem líklega voru útihús. Tóftir ST-005:059 og ST-005:066 eru skammt sunnan við túngarð 039, í sama hvammi og bærinn. Austan við bæjarlækinn, utan heimatúns, er tóft ST-005:069. Umfang hennar er minna og er hugsanlegt að hún gæti hafa verið um lítil heimarétt eða kvíar. Örnefnið Ból ST-005:040 var í túnjarði austan við svokallaða Veitu ST-005:007, andspænis tóft 069, innan heimatúns. Bæði örnefnin voru austarlega í túninu en engar sýnilegar minjar voru á því svæði.

Húsatún er vestar og markað af túngarði. Við aðalskráningu árið 2003 var túngarðurinn skráður undir tveimur númerum, ST-005:016 og ST-005:010 og til að gæta samræmis á milli skráninga var þeim númerum haldið sumarið 2020 þótt í raun sé um einn og sama minjastaðinn að ræða. Túngarðurinn sést að hluta austan-, vestan- og norðan túnsins. Hann er grjóthlaðinn og við norðurhlíðina er sambyggt hólf, innan túns. Ljóst er að túngarðinum hefur að hluta til verið raskað vegna eldri vegagerðar en það skýrir ekki að fullu raskið og ekki er alls staðar ljóst hverju það sætir. Innan Húsatúns eru fjögur útihús og eru þrjú þeirra merkt inn á túnakort frá 1917. Áður var minnst á úthús ST-005:005 sem er í raun nokkur sambyggð hús. Tóftin er áberandi og sést vel. Útihúsatóft ST-005:006 er syðst í túninu og útihús ST-005:052 var norðaustarlega innan túnsins en var rífið í tengslum við vegagerð á síðustu öld. Tóft ST-005:042 er skammt norðaustan við útihús 006 en húsið er ekki sýnt á túnakorti frá 1917 og líklega ekki í notkun á þeim tíma eða yngri.

Milli túnanna tveggja eru tveir minjastaðir, báðir vestan við Leiti. Heimildir geta um kvíar ST-005:021 vestan í Leiti, en líklega voru það færirkvíar sem ekki hafa skilið eftir sig sýnileg ummerki. Sunnar er útihúsatóft ST-005:041, skammt austan Húsatúns.

Minjar tengdar fiskveiðum og útgerð

Alls voru skráðir 18 minjastaðir innan áhrifasvæðis sem tengja má sjósókn og fiskvinnslu. Í landi Veiðileysu er lending ST-003:023, austan við fjarðarbotninn á



svokallaðri Hjallagrund. Spil er ofan við lendinguna og fimm sjóbúðir ST-003:024 þar umhverfis. Ummerki um sjóbúðirnar eru greinileg í öllum tilfellum en ein þeirra (ST-003:024\_04) er þó rofin vegna ágangs sjávar, m.a. sjást þar hleðslur neðarlega í rofi.

Tvær lendingar eru norðan við heimatúnið í Kjós. Lending ST-005:003 er austar og að öllum líkindum yngri. Lending ST-005:020 er skammt vestar, og talin eldri, en var aflögð vegna grynninga. Frá bænum lá svokölluð Sjávargata ST-005:049 að lendingunum. Sunnan við þær er tóft af nausti sem merkt var inn á túnakort frá 1917. Strandavegur liggur nánast yfir norðurenda tóftarinnar. Skammt suðvestar er tóft ST-005:061 í litlum hvammi sem er afgirtur með garðlagi. Hlutverk þessara minja er óþekkt en vegna nálægðar við sjó er talið líklegt að það tengist sjósókn fremur en búskap.

Annað naust ST-005:038 er í landi Kjósar, við svokallað Hvammsgil utar í firðinum. Tóftin er byggð upp við lágan hól, á svipuðum slóðum og Sel 005:037 var en öll ummerki þess eru horfin. Ekki er útilokað að naustið gæti tengst selstöðunni en útlit hennar bendir fremur til að hún tengist sjósókn.

Útgerð og síldarvinnsla hófst í Djúpavík árið 1917 en starfsemi stóð einungis yfir í um þrjú ár. Útgerðin fékk engu að síður land til umráða, og voru fjórir landamerkjasteinar (ST-005:054 - 057) með áletruninni EO notaðir til að marka af landsvæðið. Steinarnir eru allir innan áhrifasvæðis, þrír þeirra eru austan við Djúpavíkurá og einn ofarlega í brekku skammt sunnan (ofan) við þorpið. Áletranirnar sjást ágætlega en mosi vex yfir hluta þeirra. Austan við Djúpavíkurá er grjóthlaðið garðlag, líklega varnargarður sem var líklega hlaðinn þegar síldarvinnsla hefst á svæðinu. Þá var farvegi Djúpavíkurár beint austar, nær fjallinu og garðurinn notaður til að beina ánni í nýja rás. Þrír minjastaðir, tengdir iðnaði í þorpinu, voru skráðir undir númerinu ST-005:068. Þetta voru grunnur þvottahúss, grunnur bragga ungmennafélagsins Eflingar og vatnsból sem notað var fyrir hluta þorpsins.<sup>12</sup>

## Samgönguminjar

Samtals voru skráðar 11 samgönguminjar innan áhrifasvæðis framkvæmda. Fjórar þjóðleiðir voru innan svæðisins en þrjár þeirra lágu að verslunarstaðnum Kúvíkum og er þeirra getið í Sýslu- og sóknalýsingum Strandasýslu árið 1852. Búið var á Kúvíkum fram til ársins 1949 en þá hafði þéttbýlið að miklu leyti flust innar í fjörðinn, til Djúpavíkur. Leið ST-611:002 lá frá Kúvíkum, upp á Trékyllisheiði og yfir í Selárdal. Hún þverar úttektarsvæðið á Veiðileysuhálsi og sést sem ógróin gata. Leiðin er vörðuð en engin varða var innan skráningarsvæðis. Leið ST-611:003 lá einnig frá Kúvíkum upp á Trékyllisheiði og sameinaðist leið ST-611:002 þar. Hún er innan úttektarsvæðis ofan

<sup>12</sup> Haukur Jóhannsson, 46 og Sæmundur Pálsson, munnleg heimild.

(sunnan) við byggðina í Djúpuvík. Malarvegur liggur að túnunum er á sömu slóðum og gamla þjóðleiðin lá áður. Leiðin lá eftir svokölluðum Kjósarhjalla og sameinaðist leið ST-611:004 á þeim slóðum sem byggðin í Djúpuvík er nú. Leið ST-611:004 liggur inn á skráningarsvæðið vestan við Kleifarás og lá á svipuðum slóðum og Strandavegur gerir nú. Hún er merkt inn á Herforingjaráðskort 32 NV frá 1915 en öll ummerki hennar eru nú horfin innan úttekarsvæðis. Vöð ST-005:028 og ST-005:034 voru á leiðinni.

Vegaskarð ST-611:001 er í landi Veidileysu. Líkt og nafnið gefur til kynna lá þar vegur, frá Veidileysu að Kúvíkum. Þetta er hluti gamallar, torfærrar alfaraleiðar sem lá að bæjum sunnar í hreppnum en hluti hennar var ruddur á fyrri hluta 20. aldar í landi Veidileysu. Kaupstaðarvarða ST-003:035 og varða ST-003:059 eru að öllum líkindum samgöngubætur á þessari leið en þar voru líklega eldri reiðgötur. Varða ST-003:056 er samgöngubót við rudda hluta vegarins sem er yngri og um 300 m sunnar. Leið ST-004:038 lá frá leið ST-611:004, við sjávarsíðuna og að Kúvíkum. Nyrst á Veidileysuhálsi liggur leiðin þvert í gegnum úttekarsvæðið. Leiðin er rudd á þessum slóðum, allt að Kúvíkum en sést illa vestan við Strandaveg.

Aðrar minjar

Einn legstaður er þekktur innan úttekarsvæðis en í landi Veidileysu er þjóðsaga tengd dys ST-003:022. Þar eiga synir Kráku að vera dysjaðir samkvæmt sögninni en engin ummerki um dys er hins vegar að finna á þessum slóðum, á svoköllumum Mel. Annar þjóðsagnastaður var skráður innan úttekarsbeltis en það er staðurinn Klömp ST-005:022 í landi Kjósar en þar var talið að huldufólk byggi í klettum sem enn sjást sunnan við Húsatún.

Sex vörður voru skráðar sem ekki er hægt að sjá að tengist leiðum á afgerandi hátt. Í landi Veidileysu eru vörður ST-003:057 og 058, innarlega í firðinum, milli Húsár og Krakár. Í Kjós voru skráðar fjórar vörður innan áhrifasvæðis, allar með óþekkt hlutverk. Varða ST-005:060 er við Kleifarás á bjargbrún. Staðsetningin gæti bent til þess að um sundmerki sé að ræða en heimildir geta þess ekki. Vörður ST-005:062-064 eru nærri heimatúninu í Kjós og hlutverk þeirra er óþekkt. Nærri þeim er Kindavað ST-005:033 en ekki er vitað til þess að það hafi verið notað á þekktri leið.

Mógrafir voru skráðar á fimm stöðum innan úttekarsvæðis. Á Veidileysuhálsi voru skráðar mógrafir ST-003:009, alveg við rudda hluta leiðar ST-611:001. Mógrafir ST-004:088 eru einnig á Veidileysuhálsi og sjást vel. Á Kjósarhöfða voru skráðar mógrafir á þremur stöðum innan úttekarsvæðis, ST-005: 013, 043 og 070. Fremur stutt er á milli svæðanna en öll sjást þau vel. Svæðið gengur m.a. undir nafninu Höfðaflói en fleiri mógrafasvæði eru á þessum slóðum, utan úttekarsvæðis.

Tveir staðir tengdir veiðum eru þekktir innan úttektarsvæðis. Annar þeirra, var refagildra ST-005:020 í brattri fjallshlíð austan við Djúpavíkurá en hún er nú horfin. Hinn er skotbyrgi ST-005:009 sem er nærri heimatúni Kjósar og sést enn.

Mat á gildi minjastaða og tillögur um mótvægisáðgerðir

Hér fyrir neðan verður, að beiðni Vegagerðarinnar, sett fram mat á gildi þeirra minjastaða sem skráðir voru og einnig lagðar fram tillögur sérfræðinga Fornleifastofnunar um það hvaða mótvægisáðgerða líklegt er talið að grípa þurfi til vegna sömu minja (tafla 2).

Í laganna skilningi eru allar minjar 100 ára og eldri friðhelgar. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska og hafa þær 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðar. Allir minjastaðir hafa því eitthvert gildi enda eru þeir vitnisburður um líf og starf þjóðar í landinu allt frá upphafi landnáms og fram á 20. öld. Um friðlýstar minjar gilda svo enn strangari lög og er friðhelgi þeirra t.a.m. 100 m frá ystu mörkum. Innan áhrifasvæði Strandavegar reyndist engin friðlýstur minjastaður.

Eitt af því sem hamlar því að leggja fullnægjandi mat á gildi minjastaða er sú staðreynd að enn hefur ekki farið fram fornleifaskráning nema á litlum hluta landsins. Því er ekki hægt að meta gildi tiltekins minjastaðar með góðum samanburði við sambærilega staði á landsvísu. Í raun er aldrei hægt að leggja afstætt eða endanlegt mat á gildi minjastaða enda er í slíku mati ætíð fólgið gildismat sem mótast að einhverju leyti af tíðaranda og áhuga þeirra sem vinna slíkt mat. Það sem gæti talist merkur minjastaður á ákveðnu svæði hefur ekki endilega mikið gildi á landsvísu og minjar sem ekki töldust merkilegar fyrir hálfri öld síðan hafa í sumum tilfellum öðlast stóraukið vægi vegna þess hversu mikið hefur horfið af ákveðnum tegundum minja og vegna aukinnar þekkingar og yfirsýnar um minjar.

Minjastofnun Íslands hefur ekki gefið út leiðbeiningar um hvað skal hafa í huga þegar lagt er mat á vægi minjastaða eða á hvaða mati úrskurðir um mótvægisáðgerðir hvíla. Á Fornleifastofnun Íslands er þessi misseri unnið að gerð slíkra staðla sem stofnunin hyggst fylgja í mati sem þessu. Byggir neðangreint álit á umræddum stöðlum sem nú eru í vinnslu. Við mat á gildi minjastaða er hér horft til ýmissa þátta s.s. ástandi og varðveislu, rannsóknarmöguleika og kynningargildis. Í töflunni að neðan (sjá töflu 2) er gerð tilraun til að leggja mat á gildi minjastaða sem skráðir voru á áhrifasvæði Strandavegar, með áðurgreindum fyrirvörum. Gildi minjastaða var skipt í fjóra flokka:

- a) **Mjög mikið gildi:** Friðlýstar fornleifar hafa stærra helgunarsvæði og verndunargildi í lögum en aðrir minjastaðir og teljast því að öllu jöfnu hafa mjög mikið gildi. Auk þeirra falla minjastaðir þar sem von er á miklum minjum eða minjum sem spanna mjög langa búsetusögu í þennan flokk. Sem dæmi um slíka minjastaði má nefna bæjarhóla og heildstæðar býlisrústir. Í



þennan flokk falla einnig minjar sem teljast hafa sérstakt minjagildi vegna fágætis, eða út frá fagurfræðilegum eða faglegum forsendum.

- b) **Mikið gildi:** Heillegar eða fremur heillegar minjar frá ýmsum skeiðum sem teljast hafa talsvert varðveislu- eða rannsóknargildi falla í þennan flokk. Í flokkinn falla einnig minjastaðir sem teljast hafa mjög gott kynningargildi og staðir sem geta haft mikið staðbundið minjagildi.
- c) **Nokkurt gildi:** Í þennan flokk falla t.d. minjar sem eru raskaðar að hluta (en einhverra mannvistarleifa talið að vænta undir sverði) og einfaldir minjastaðir þar sem ekki er mikillar mannvistar að vænta. Dæmi um slíka staði eru vörður, mógrafir eða heystæði. Þeir teljast ekki hafa mikið rannsóknar- eða kynningargildi einir og sér.
- d) **Lítið gildi:** Í þennan flokk falla minjar sem eru taldar mikið raskaðar eða jafnvel alveg horfnar og/eða ungar minjar sem eru á mörkum þess að teljast til fornleifa.

Minjastofnun Íslands mun úrskurða hvort minjar megi víkja í framkvæmdum og sömuleiðis um til hvaða mótvægisáðgerða þarf að grípa í þeim tilvikum þar sem ljóst þykir að fornminjar séu í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í umfjölluninni hér að neðan er gerð tilraun til að setja fram hugmyndir um líklegar mótvægisáðgerðir sem gæti þurft að grípa til vegna minjanna. Um margar minjanna gildir að líklega sé hægt að komast hjá raski á þeim með því að merkja þær vel á framkvæmdartíma. Þar sem ljóst þykir, út frá veghönnun, að ekki verði hjá því komist að raska fornminjum fer það mjög eftir ástandi og eðli minjanna hvort líklegt er talið að gerðar verði kröfur um mótvægisáðgerðir og þá í hverju þær kunni að felast. Talið er ólíklegt að mótvægisáðgerða verði krafist þar sem öll yfirborðsummerki um minjar eru horfin og ekki er von til þess að minjar finnist undir sverði. Getur það átt við götur, vörður, byrgi, mógrafir, kolagrafir (og aðra námustaði). Líklegt er talið að gerð verði krafa um töku könnunarskurða í mannvirki á borð við tóftir og garðlög til þess að ákvarða aldur og eðli minjanna sem fyrirsjáanlegt er að framkvæmdir raski. Ríkari rannsóknarkrafa er almennt þar sem um bústaði er að ræða eða aðrar umfangsmiklar minjar. Þar sem framkvæmdir eru fyrirhugaðar innan svæða þar sem talið er líklegt að óþekktar minjar leynist undir sverði má búast við að lögð verði til vöktun fornleifafræðings á framkvæmdatíma eða jafnvel könnunarskurða á hluta svæðis (gjarnan 10%). Á það m.a. við um svæði eins og gömul heimatún. Í ljósi þessara forsendna er gerð grein fyrir mati á gildi minjastaða og tillögum að mótvægisáðgerðum í meðfylgjandi töflu (2).

Í skýrslunni var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að tveir minjastaðir hefðu mjög mikið gildi, 18 mikið gildi, 35 staðir töldust hafa nokkurt minjagildi og 17 staðir lítið. Rétt er að ítreka að algengara er að margar fornleifar/minjaeiningar falli undir þá staði sem flokkaðir voru með mikið minjagildi heldur en þá sem töldust hafa lítið minjagildi sem oftast eru stakar fornleifar fremur en þyrpingar. Heimatúnið í Kjós sker sig einnig úr innan úttektarsvæðisins.

Það hefur mikið sameiginlegt gildi þar sem um lítið raskað heimatún sé að ræða, alls voru skráðir 28 staðir þar innan.

Samtala	Hlutverk	Mögulegar mótvægisáðgerðir	Röksemd	Vern-dargildi
ST-003:022	Legstaður	Engar	Fornleif horfin eða týnd. Svæðið uppblásið.	Lítið
ST-003:024 5	Hjallur	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-003:057	Samgöngubót	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-003:058	varða	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:003	lending	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:004	fjós	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:007	áveita	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:021	kvíar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:028	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:033	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:034	vað	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:037	sel	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:040	kvíar	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:049	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:050	refagildra	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-005:052	útihús	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-611:004	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Lítið
ST-003:024 1	sjóbúðir	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-003:024 2	sjóbúðir	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-003:024 3	sjóbúðir	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-003:024 4	sjóbúðir	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-004:018	nátthagi	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:005	fjánhús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:006	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:008	kvíar	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:035	naust	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið

ST-005:036	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:039	túngarður	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:053	stekkur	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:059	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:061 1	óþekkt	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:061 2	varnargarður	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:066	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mikið
ST-005:069	óþekkt	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:002	öskuhaugur	Rannsókn/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Mikið
ST-005:001 1	bústaður	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mjög mikið
ST-005:011	býli	Rannsókn/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Mjög mikið
ST-003:023	Lending	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:020	lending	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-003:009	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-003:035	samgöngubót	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-003:056	samgöngubót	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-003:059	samgöngubót	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-004:038	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-004:088	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:001 2	kálgarður	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt
ST-005:009	skotbyrgi	Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:010	túngarður	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt
ST-005:013	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:015	beitarhús	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
ST-005:016	túngarður	Merkja/eftirlit	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
ST-005:022	huldufólks-bústaður	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:038	naust	Merkja	Möguleg mannvist undir sverði	Nokkurt
ST-005:041	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt
ST-005:042	útihús	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt



ST-005:043	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:054	landamerki	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:055	landamerki	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:056	landamerki	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:057	landamerki	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:058	landamerki	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:060	samgöngubót	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:062	samgöngubót	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:063	samgöngubót	Merkja	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:064	óþekkt	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:065	túngarður	Merkja/eftirlit	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt
ST-005:067	brunnur	Merkja	Innan heimatúns, mannvistar að vænta	Nokkurt
ST-005:068		Merkja	Merking fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-005:070	mógrafir	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-611:001	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-611:002	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt
ST-611:003	leið	Engar	Skráning fullnægjandi mótvægisáðgerð	Nokkurt

Tafla 2. Gildi minjastaða og mögulegar mótvægisáðgerðir

Áhrif framkvæmda á fornleifar

Í þessum kafla er fjallað áhrif framkvæmda á fornleifarnar. Matið er byggt á leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um einkenni og vægi umhverfisáhrifa.<sup>13</sup> Eins og áður segir voru skráðar 72 fornleifar á 67 minjastöðum innan áhrifasvæðis framkvæmda og má því gera ráð fyrir að framkvæmdin gæti einhver áhrif haft á þær allar, með einum eða öðrum hætti. Á mörgum stöðum gætu áhrifin hins vegar verið óbein og oft verður hægt að komast hjá beinu raski með einfaldri merkingu minjastaða og upplýsingagjöf

13 Skipulagsstofnun 2005.

(sjá nánar í töflu 2). Ef lítið er yfir svæðið heildstætt má draga fram tvö minjasvæði þar sem áhrif geta verið veruleg og þarfnast því sérstakar umfjöllunar. Þessi svæði eru heimatúnið í Kjós (alls 28 staðir) og minjar nærri þorpinu í Djúpuvík (alls 10 staðir). Eftirfarandi viðmið liggja til grundvallar við mat á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar:

- Í 21. grein laga um menningarminjar (nr. 80/2012), segir „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.“
- Í lögum um menningarminjar nr. 80 frá 2012 kemur hugtakið búsetulandslag fyrir: (1.gr., 2. mgr.): „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag [...]“ Í greinargerð með lögnum segir: „Sú skilgreining á menningarminjum sem tekin er upp í 2. mgr. er víðari og jafnframt skýrari en í gildandi lögum. Þannig er menningar- og búsetulandslag bætt við upptalninguna til að undirstrika mikilvægi þess að vernda minjaheildir og blandaðar minjar en ekki einungis stakar minjar.“

Áhrifasvæði Strandavegar nær yfir allt heimatún Kjósar. Í bæjarhólum og bæjarstæðum er geymd saga daglegs lífs fyrri kynslóða og þar er flesta forngrípi að finna. Bæjarstæði Kjósar ST-005:001 er enn varðveitt en þar er lítið að sjá ofan svarðar. Eldra bæjarstæði kann að leynast í Stóruþúfum ST-005:011 og þar sést enn hóll. Heimatúnið er lítið raskað nema við sjávarsíðuna vegna eldri vegagerðar. Reynsla úr fornleifaskráningu hefur sýnt að í og við heimatún sé minjadreifing hvað þéttust. Talsverðar líkur eru því á að áður óþekktar minjar komi í ljós innan heimatúnsins. Umhverfis aldursfriðaðar minjar er 15 m helgunarsvæði. Leyfi þarf frá Minjastofnun Íslands áður en farið í framkvæmdir innan þess. Öll hús innan túnsins eru þó fallin og búið að rífa síðastu bæjarhúsin og rýrir það minjagildi túnsins eitthvað. En tóftirnar í og við túnið eru þó mikilvæg heimild um landnýtingu, byggingarhefðir og sögu svæðisins.

Líklegt má telja að gerð verði krafa um vöktun og gerð könnunarskurða í minjar á þessu svæði. Könnunarskurðir í minjar væru til þess gerðir til að afla upplýsinga um aldur, umfang og eðli minjanna. Niðurstöður þeirrar rannsóknar kunna að leiða til frekari rannsókna á einstaka minjum. Hugsanlegt er einnig að gerð verði krafa um könnunarskurði á ákveðnu svæði innan gömlu heimatúnanna (t.d. 10% af heildarsvæði)

og/eða töku borkjarnasýna með reglubundnum hætti. Markmið slíkra rannsókna væri að kanna hvort fleiri minjar leyndust undir sverði og sömuleiðis að afmarka umfang þekktra minja í túninu.

Nokkrir minjastaðir tengdir útgerð og upphafi þéttbýlismyndunar í Djúpuvík voru skráðir innan úttektarsvæðis og má þar nefna landamerkjasteina ST-005:054 – 057 og garðlag ST-005:058. Ljóst er að elstu mannvirki í þorpínu njóta friðunar sökum aldurs og voru nokkur þeirra skráð innan úttektarsvæðisins. Ljóst er að fleiri slíkar minjar gætu leynst utan úttektarsvæðisins, það er ekki vitað. Að öllum líkindum er stærstur hluti eldri mannvirkja í Djúpuvík horfinn og flest þeirra sem enn sjást tengd síðara skeiði síldarvinnslu sem hófst á þriðja áratug síðustu aldar í Djúpuvík. Ólíklegt er að nokkurra annarra mótvægisáðgerða en merkinga verði krafist vegna minja í Djúpuvík, flestar eru of ungar og þær elstu líklega flestar skemmdar.

**Niðurstaða:** Innan svæðisins voru skráðar 72 fornleifar á 67 minjastöðum. Allir staðirnir teljast til fornleifa, utan nokkurra minja í Djúpuvík (SK-005:068) og njóta verndar sem slíkir en minjagildi þeirra er misjafnt. Þó að mögulegt sé að komast hjá raski á nokkrum fjölda minja innan úttektarsvæðisins er ljóst að mörgum minjum verði raskað að hluta eða öllu leyti að óbreyttu. Í skýrslunni var gerð tilraun til að leggja mat á gildi hvers minjastaðar og voru niðurstöðurnar þær að tveir minjastaðir hefðu mjög mikið gildi, 18 mikið gildi, 35 staðir töldust hafa nokkurt minjagildi og 17 staðir lítið. Tvö minjasvæði þar sem áhrif geta verið veruleg eru innan úttektarsvæðis, heimatúnið í Kjós (alls 28 staðir) og minjar nærri þorpínu í Djúpuvík (alls 10 staðir). Niðurstaðan er því að áhrif framkvæmda við tilfærslu Strandavegar á frá Veiðileysu að Kjósarvík muni hafa neikvæð áhrif á fornminjar.



## Heimildir

Árni Magnússon og Páll Vídalín. 1940. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín VII. Ísafjarðar- og Strandasýsla. (JÁM VII)*. Kaupmannahöfn: S.L. Möller.

Birna Lárusdóttir o.fl. 2003. *Fornleifaskráning í Árneshreppi I: Fornleifar frá Gjögri til Ingólfsfjarðar*. FS221-02052. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Birna Lárusdóttir o.fl. 2005. *Fornleifaskráning í Árneshreppi II: Fornleifar frá Kolbeinsvík til Kjörvoogs og frá Seljanesi til Skjaldbjarnarvíkur*. FS260-02053. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

*Diplomatarium Islandicum eða Íslenskt fornbréfasafn I-XVI. (DI)*. 1853-1976.. Kaupmannahöfn og Reykjavík.

*Grettis saga Ásmundarsonar*. 1981. Íslensk fornrit VII. bindi. (ÍF VII). Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík: Hið íslezka fornritafélag.

Haukur Jóhannesson. „Lesið í landið í Árneshreppi á Ströndum“. Í *strandbyggðum norðan lands og vestan*. Árbók Ferðafélags Íslands 2000. (ÁFÍ). Reykjavík: Ferðafélag Íslands, bls. 45-118.

Íslendingabók og *Landnámabók*. 1968. Íslensk fornrit I. bindi. (ÍF I). Guðni Jónsson gaf út. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Johnsen. J. 1847. *Jarðatal á Íslandi, með brauðalýsingum, fólkstölu í hreppnum og prestaköllum, ágrípi úr búnaðartöflum 1835-1845, og skýrslu um sölu þjóðjarða á landinu. (JJ)*. Kaupmannahöfn; J. Johnsen.

Ragnar Edvardsson. 2002. *Fornleifar í Árneshreppi á Ströndum. Svæðisskráning*. FS174-02051. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Skipulagsstofnun. 2005. *Leiðbeiningar um flokkun umhverfispátta, viðmið, einkenni og vægi umhverfisáhrifa*. Reykjavík: Skipulagsstofnun.

*Sýslu- og sóknalýsingar Vestfjarða II. Ísafjarðar og Strandasýslur. (SS)*. 1952. Reykjavík: Samband vestfirzkra áttahagafélaga.

Örnefnalýsing Kambs. (Ö-Kambur). Án ártals. Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Örnefnalýsing Kjósar. (Ö-Kjós). Án ártals. Guðrún Magnúsdóttir skráði. Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Örnefnalýsing Veiðileysu. (**Ö-Veiðileysa**). Án ártals. Guðrún Magnúsdóttir skráði.  
Örnefnasafn Stofnunar Árna Magnússonar.

Túnakort 1917 yfir jarðir í Árneshreppi. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er:  
<http://testbirting.mamntal.is/>

**H-kort 32 NV. 1915.** Íslandskort. Landsbókasafn- Háskólabókasafn. Slóðin er:  
<https://islandskort.is/is/category/list/29;jsessionid=F027ECC83CC8EC58D4F5E9E801F7F93D>

Heimildamenn:

Skúli Alexandersson, f. 1926

Sæmundur Pálsson, f. 1953

Pórður Magnússon, f. 1935

## Viðauki I: Hnitaskrá ISN93

Samtala	X	Y
ST-003:057	388991	605533
ST-003:024_1	388970	605917
ST-003:023_2	388958	605915
ST-003:024_4	388955	605936
ST-003:023_1	388947	605929
ST-003:024_3	388943	605915
ST-003:024_1	388940	605922
ST-003:024_2	388938	605912
ST-003:022	388892	605799
ST-003:058	388633	605355
ST-003:035	387486	606454
ST-003:009	387367	606037
ST-003:056	387340	606117
ST-003:059	387290	606530
ST-611:001	387180	606287
ST-611:002	386760	607551
ST-004:088	386650	607952
ST-004:038	386351	608427
ST-004:018	386229	608709
ST-005:060	385534	608669
ST-005:038	385004	608324
ST-005:037	384883	608294
ST-005:015	384783	608254
ST-611:004	384409	608013
ST-005:050	383828	607556
ST-005:053	383783	607601
ST-005:054	383779	607603
ST-005:068_2	383725	607519
ST-005:055	383721	607566
ST-005:068_1	383716	607553
ST-005:058	383688	607527
ST-005:056	383658	607510
ST-005:057	383638	607579
ST-005:068_3	383567	607433
ST-611:003	383521	607365
ST-005:070	383187	607556
ST-005:013	382948	607304
ST-005:043	382883	607352
ST-005:062	382662	607179
ST-005:009	382635	607369
ST-005:063	382627	607274
ST-005:034	382608	607400



ST-005:069	382577	607355
ST-005:065	382568	607399
ST-005:033	382566	607208
ST-005:007	382556	607377
ST-005:004	382538	607327
ST-005:011	382526	607386
ST-005:003	382521	607437
ST-005:049	382519	607425
ST-005:039	382512	607307
ST-005:059	382507	607266
ST-005:002	382502	607404
ST-005:067	382496	607352
ST-005:020	382492	607439
ST-005:035	382488	607415
ST-005:001	382488	607374
ST-005:066	382486	607295
ST-005:012	382479	607370
ST-005:036	382477	607320
ST-005:064	382461	607142
ST-005:008	382445	607408
ST-005:061_1	382408	607373
ST-005:061_2	382403	607364
ST-005:021	382381	607280
ST-005:010	382366	607366
ST-005:041	382360	607234
ST-005:052	382349	607309
ST-005:016	382340	607291
ST-005:042	382299	607227
ST-005:005	382292	607271
ST-005:016	382274	607286
ST-005:006	382273	607214
ST-005:022	382269	607179
ST-005:028	382238	607318

## Viðauki II: Minjakort



### Skýringar

#### Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- ▭ Bæjarhóll
- ▨ Grjót

▨ Torf og grjót

— Dæld

--- Leið

— Náma

#### Úttektargögn

▭ Úttektarsvæði

— Áætluð veglína


### Minjakort 1

0 25 50 75 100 m



©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands





### Skýringar

#### Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið


▨ Torf- og grjóthlaðið

- Dæld
- - - Leið
- Náma

#### Úttektargögn


- Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

### Minjakort 2



©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands





### Skýringar

#### Fornleifar

- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið

- ▨ Torf- og grjóthlaðið
- Dæld
- - - Leið
- Náma

#### Úttektargögn

- Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

### Minjakort 3








**Skýringar**

**Fornleifar**


- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið

- ▨ Torf- og grjóthlaðið
- Dæld
- Leið
- Náma
- ▭ Úttektargögn
- Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

**Minjakort 4**







**Skýringar**

**Fornleifar**

- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið

Torf- og grjóthlaðið

- Dæld
- - - Leið
- Náma

**Úttektargögn**


- Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

**Minjakort 5**



©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands





**Skýringar**

**Fornleifar**

- Skráðar fornleifar
- ▭ Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið


▨ Torf- og grjóthlaðið

- Dæld
- - - Leið
- Náma

**Úttektargögn**


- ▭ Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

**Minjakort 6**



©Loftmyndir ehf og Fornleifastofnun Íslands





**Skýringar**

**Fornleifar**

- Skráðar fornleifar
- Bæjarhóll
- ▨ Grjóthlaðið



- Dæld
- - - Leið
- Náma

**Úttektargögn**

- Úttektarsvæði
- Áætluð veglína

**Minjakort 7**

